

## Gleðin á alltaf að vera í fyrirrúmi í leik og starfi

Karl Björnsson lætur af starfi sem framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga eftir langan og farsælan feril í sveitarstjórnar- og byggðamálum

Samtakamátturinn og dýrðin

- Freyr Eyjólfsson skrifar um hringrásarhagkerfið

Sjálfbærni – enn ein bólan?







J Ó H A N N



H E L G I & C o

**Við sérhæfum okkur í heildarlausnum á leik og íþróttasvæðum.**

tileiktæki, girðingar, fallvarnarefni, gervigras, gúmmíhellur, gúmmí-grasmottur, gúmmífyfirborð-tartan, hjólabrettarampar, sparkvellir, mörk, körfur, bekkir, útigögn o.fl.

**Fjöldi umboða og einnig breið vörulína úr endurunnu plasti  
Innflutningur, sala, þjónusta, viðhald og uppsetningar.**



# Við komum fjármagni á hreyfingu

Motus býður heildarlausn í innheimtu fyrir sveitarfélög, stofnanir og allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Við veitum framúrskarandi aðgengi fyrir greiðendur með sjálfsafgreiðslu á greiðendavef og víðu neti útibúa.

Við tökum vel á móti þér um allt land.

**Útgefandi:**

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30, 5. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
samband@samband.is  
www.samband.is  
ISSN-0255-8459

**Ritstjóri:**

Valur Rafn Halldórsson (ábm.)  
valur@samband.is

**Ritstjórn:**

Valur Rafn Halldórsson  
Ingibjörg Hinriksdóttir

**Blaðamaður:**

Garðar H. Guðjónsson  
gaji@mmedia.is

**Auglýsingar:**

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Umbrot:**

Ingibjörg Hinriksdóttir

**Prentun:**

Prentmet Oddi -  
Svansvottuð prentsmiðja

**Dreifing:**

Pósturinn

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kemur út tvisvar sinnum á ári. Tímaritinu er dreift til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og á sveitarstjórnarskrifstofur.

Nánari upplýsingar fást með því að senda póst á samband@samband.is.

**5 Forystugrein**

**Heiða Björg Hilmisdóttir**  
formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

**8 Samtaka um hringrásarhagkerfi**

**Eygerður Margrétardóttir**  
sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins skrifar

**16 Samstarf sveitarfélaga í jafnlaunamálum**

**Helga Björg Ragnarsdóttir**  
framkvæmdastjóri Jafnlaunastofu

**18 Gleðin á alltaf að vera í fyrirrúmi í leik og starfi**

**Karl Björnsson** framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga ræðir við Garðar H. Guðjónsson um líf sitt og störf nú þegar hann lætur af störfum hjá sambandinu.

**38 Tryggjum nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu**

**Ása Valdís Árnadóttir**  
oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps og formaður Samtaka orkusveitarfélaga.

**46 Sameiginlegt spjallmenni sveitarfélaga**

**Hrund Valgeirsdóttir**  
verkefnastjóri í stafærni umbreytingu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**48 Síðasta orðið**

**Alda Pálsdóttir**, bæjarfulltrúi í Hveragerðisbæ og **Björn Haraldur Hilmarsson**, forseti bæjarstjórnar í Snæfellsbæ eiga síðasta orðið.

**Forsíðumynd:**

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Ljósni.: Davíð Þór Guðlaugsson



## Áhersla á meira samstarf

**Heiða Björg Hilmisdóttir**  
Formaður stjórnar Sambands íslenskra  
sveitarfélaga

Á landsþinginu síðastliðið haust settum við okkur pólitíska stefnu en líka stefnu um málefni sambandsins, starfsemi þess og hvernig við viljum sjá það þróast á kjörtímabilinu. Í starfsáætlun okkar fyrir árið 2023 má sjá að breytinga er að vænta. Við höfum hafið stefnumótunarferli innanhúss sem ég mun fara fyrir ásamt nýjum framkvæmdastjóra þar sem við leggjum áherslu á að mæta óskum sem sveitarfélögin hafa sett fram, og nýta til þess þá miklu þekkingu sem sambandið býr yfir. Við höfum lagt áherslu á meira

samstarf við landshlutasamtök og sveitarstjórnarfólk.

### Vanfjármögnun sveitarstjórnarstigsins gengur ekki lengur

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga staðfesta þá stöðu sem við vitum að sveitarfélög eru í eftir erfið Covid ár. Nýgert samkomulag við ríkið um afkomu og efnahag sveitarfélaga er liður í að samræma stefnuna í opinberum fjármálum. Markmið eru sett fram um minni hallarekstur sveitarfélaga en hallarekstur engu að síður sem hamlar fjárfestingagetu sveitarstjórnarstigsins og þar með framþróun íslensks samfélags. Sambandið bókaði því fyrirvara við samkomulagið, þar sem við ítrekuðum afstöðu okkar um mikilvægi fjárfestinga í innviðum og að vanfjármögnun +þjónustu á sveitarstjórnarstigi gangi ekki lengur. Við höfum bent á að annars staðar á Norðurlöndum studdi ríkið við sveitarfélög með mun myndarlegri hætti en hér var gert í gengnum Covid. Hér voru sveitarfélög hvött til að auka framkvæmdir til að örva þjóðarbúskapinn og til að auðvelda sveitarfélögum það var fjármálareglum vikið til hliðar allt til ársins 2025. Skuldir sveitarfélaga hafa því aukist, að hluta til í boði ríkisstjórnarinnar og það er okkar sameiginlega úrlausnarefni.

### Forgangsverkefni

Við göngum því út frá því að málaflökkur fatlaðs fólks verði að fullu fjármagnaður.

Við sömdum um fimm m.a.kr hækkun tekna sveitarfélaga við ríkið í desember og við eigum von á skýrslu með tillögum um fjármögnun málaflökksins á næstu vikum sem ríki og sambandið hafa sammælt um að setjast yfir. Það er forgangsverkefni að leiða þetta mál til lykta fyrir fatlað fólk og fyrir framþróun íslensks samfélags.

### Við deilum öll sama markmiði

Þegar ég gaf kost á mér sem formaður Sambandsins einsetti ég mér að heimsækja öll sveitarfélög landsins enda þykir mér fátt ánægjulegra en að kynnast sveitarstjórnarfólki og þeim áskorunum og tækifærum sem það sér og tekst á við um allt land. Því þó að sveitarfélögin séu ólík deila þau öll sama markmiði – að þjónusta íbúa vel og að byggja upp gott samfélag.

Ísland er einstakt vegna náttúrulegs fjölbreytileika landsins víðerna, vatnsfalla, jökla og heiða. Við viljum nýta landið okkar til að skapa góð lífsgæði og tækifæri til búsetu um allt land en um leið að að vernda náttúruna. Það hefur verið ánægjulegt að sjá ferðaþjónustuna taka við sér á ný á árinu, fram undan eru samningar um orkumál og hvernig við getum sem best búið hér á okkar tækifæra eyju í sátt og samlyndi við hvort annað og náttúruna.

Gangi okkur öllum sem best og ég hlakka til að heimsækja ykkur öll og ræða málin – gleðilegt sumar.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU  
OG REKSTUR TÖLVUKERFA  
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

www.tris.is - 480-3300

**TRIS**

*Ein heild í þína þágu*



# Arnar Þór Sævarsson næsti framkvæmdastjóri sambandsins

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ákvað á fundi sínum í byrjun apríl að ráða Arnar Þór Sævarsson lögfræðing í starf framkvæmdastjóra sambandsins frá og með 1. maí nk. Þegar Karl Björnsson lætur af störfum.

Arnar hefur starfað sem aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra frá árinu 2021 og aðstoðarmaður félags- og barnamálaráðherra á árunum 2018-2021.

Sem aðstoðarmaður hefur hann komið að margvíslegri stefnumótun, t.d. á ráðuneytunum, framhaldsskólum og verknámi á Íslandi, stefnumótun á sviði húsnæðismarkaðar, almannatrygginga, vinnumarkaða, málefnum barna og að

gerð Lífskjarasamnings á vinnumarkaði 2019-2022. Arnar Þór er formaður stýrihóps stjórnvalda um byggingu þjóðarleikvanga.

Áður starfaði Arnar Þór sem bæjarstjóri Blönduósbæjar frá árunum 2007-2018. Hann starfaði sem lögfræðingur hjá Símanum á árunum 2002-2006 og sem lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu á árunum 1999-2001. Arnar Þór er með Cand.Jur frá Háskóla Íslands og réttindi til starfa sem héraðsdómslögmaður og með próf í verðbréfavíðskiptum. Arnar Þór er giftur Gerðu Betu Jóhannsdóttur hjúkrunarfræðingi og eiga þau þrjú börn. Hann mun hefja störf hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í maí.



Arnar Þór Sævarsson verður næsti framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## Verið öll velkomin í Borgartún



Á árinu 2022 var ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir á húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga, á 5. hæð í Borgartúni 30. Undirbúningur framkvæmda hófst á árinu 2021 þegar ASK arkitektar voru fengnir til að hanna húsnæðið, í góðri samvinnu við starfsfólk, með það að markmiði að vinnuaðstaðan væri verkefnaþægileg. Þannig á enginn starfsmaður sitt sæti. Verktakafyrirtækið Lalli lagari tók við húsnæðinu, ásamt undirverktökum 1.

febrúar og skilaði því aftur til verkkaupa 1. maí. Var það innan þess tímaramma sem gefinn hafði verið. Hið sama má segja um fjárhagsáætlun verksins. Skemmst er frá því að segja að breytingarnar þykja hafa tekist afburða vel, vinnustöðvum hefur fjölgað úr 32 í 46 auk fundarherbergja og næðisryma stórra sem smárra.

Við breytingarnar fylgdu við stefnu sambandsins um samfélagslega ábyrgð og reyndum að endurnýta eins mikið og



unnt var. Það sem af gekk, s.s. bókahillur, skrifborð eldri tæki og tól, var að mestu leyti gefið til Fjölsmiðjunnar og til leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess.

Starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga býður kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga og landshlutasamtaka velkomið í Borgartúnið. Við tökum vel á móti ykkur.

# Innsæi skapar tækifæri

Við njótum þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim, sem gerir okkur kleift að koma auga á betri valkosti fyrir þig. Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkið okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.

# Samtaka um hringrásarhagkerfi



Eygerður Margrétardóttir  
Verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra  
sveitarfélaga

”

Sniðmát að útboðslýsingu, innkaupasamningi og tilboðshefti fyrir sérstaka söfnun og þjónustu grenndarstöðva er nú aðgengilegt öllum sveitarfélögum og ráðgjöfum þeirra á vefsíðu sambandsins.

Fulltrúar sveitarfélaga hafa verið í mun meira samstarfi um verkefni tengd meðhöndlun úrgangs en oft áður. Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi, sem sambandið hleypti af stokkunum í mars 2022 með styrk frá umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu, hefur sýnt að sveitarfélög sjá hag sinn í að vinna meira saman á þessum vettvangi. Í könnun sambandsins meðal sveitarfélaga haustið 2022 kom í ljós að lang flest sveitarfélög ætla að vinna eða eru að vinna svæðisáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs með öðrum sveitarfélögum eða 91% af þeim sem svöruðu. Einnig töldu 83% svarenda mjög líklegt eða líklegt að aukin samvinna um úrgangsjónustu við nágrannasveitarfélög, s.s. með hirðu úrgangs og meðhöndlun, skapi aukna hagræðingu í málaflokknum.



Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi hefur það að markmiði að aðstoða sveitarfélög við þessar breytingar. Í ár mun sambandið standa fyrir opnum fundum um ýmis afmörkuð málefni tengd úrgangsstjórnun. Fyrsti fundurinn var haldinn í samstarfi við Úrvinnslusjóð í febrúar þar sem fjallað var um kostnaðarþátttöku sjóðsins í kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.

## Svæðisáætlunir og innkaup í sérstökum fókusi

Fjölmargir fundir hafa verið haldnir undir hatti átaksins með fulltrúum sveitarfélaga um ýmis málefni tengd hringrásarhagkerfinu og úrgangsstjórnun. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvangur upplýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun.

Innkaup sveitarfélaga á þjónustu, vörum og framkvæmdum í úrgangsmálum

hafa einnig verið í miklum fókusi í átakinu, enda mikilvægt að þau þróist í takt við nýjar áherslur vegna nýlegra lagabreytinga. Framkvæmd innkaupa, útboða og samninga um verkefni eru mikilvægir hlekkir í því að ná markmiðum og tryggja að rekstur og þjónusta sé eins og sveitarfélag ákveður. Sniðmát af útboðslýsingu, innkaupasamningi og tilboðshefti fyrir sérstaka söfnun og þjónustu grenndarstöðva er nú aðgengilegt öllum sveitarfélögum og ráðgjöfum þeirra á vefsíðu sambandsins. Ólíkt er á milli sveitarfélaga hvaða þættir eru á hendi sveitarfélagsins og hvað er boðið út en ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs fellur ekki niður þó að hluta þjónustunnar sé útvistað og sinnt af þjónustuaðilum. Fleiri sniðmát verða gefin út á árinu 2023 svo sem fyrir rekstur söfnunarstöðva.

## Borgað þegar hent er


Sveitarfélög bera ábyrgð á að heimilisúrgangi sé safnað og að innheimta gjald fyrir þá þjónustu. Með



nýlegum lagabreytingum er þeim gert að koma því þannig fyrir að innheimta verði sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs niður á hvern aðila og að fast gjald skuli takmarkast við 50% til ársins 2025 og 25% eftir það. Þessi leið hefur verið kölluð Borgað þegar hent er kerfi. Með þessu þurfa öll sveitarfélög að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtukerfi. Grímsnes- og Grafingshreppur og Ísafjarðarbær tóku þátt í Borgað þegar hent er hraði

sem sambandið setti í gang í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í október 2022. Á grunni þeirrar reynslu var öllum sveitarfélögum boðið að taka þátt í innleiðingarverkefni í upphafi árs 2023 á Borgað þegar hent er kerfum. Í dag eru nú alls 23 sveitarfélög sem, í samstarfi við sambandið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, hafa innleitt Borgað þegar hent er kerfi við innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs eða stefna að slíkri innleiðingu um næstu áramót.

8. Ert þú hlynnt/hlynnur samræmdri flokkun úrgangs yfir landið allt?



■ Já ■ Nei ■ Vil ekki svara

## Hlutverk sveitarfélaga við innleiðingu hringrásarhagkerfis

Öll sveitarfélög eiga það sameiginlegt að gerðar eru sívaxandi kröfur til þeirra um innleiðingu hringrásarhagkerfis og bættu úrgangsstjórnun. Um mitt ár 2021 voru samþykkt ný lög og stefna, vegna innleiðingu hringrásarhagkerfis. Flestar þær kröfur sem sveitarfélögum er gert að uppfylla samkvæmt nýju lögunum komu til framkvæmda í upphafi árs 2023. Þessar nýju kröfur gera það að verkum að öll sveitarfélög þurfa að yfirfara verklag, samninga við þjónustuaðila og þjónustu sem þau veita í söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs. Þessar breytingar hafa verið fyrirferðarmiklar í starfi sambandsins að undanfögnu enda hafa þær gert það að verkum að öll sveitarfélög eru með einu eða öðru móti að breyta þeirri þjónustu sem þau bjóða upp á við hirðu og aðra meðhöndlun úrgangs.

### Tíu meginhlutverk sveitarfélaga

Allir fulltrúar sveitarfélaga ættu að kynna sér hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga í innleiðingu hringrásarhagkerfis og bættu úrgangsstjórnun. Í einfaldaðri mynd má segja að sveitarfélög hafi tíu meginhlutverk í innleiðingu hringrásarhagkerfis og úrgangsstjórnun.

Kjarnahlutverk sveitarfélaga er að ná **markmiðum** sem í gildi eru um að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu og lágmarka urðun á sínu svæði. Úrgangspríhyrningurinn liggur sem fyrr til grundvallar allri úrgangsstjórnun, en það kallast sú forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs sem sveitarfélögum er gert að fylgja. Sveitarfélög ættu að fylgjast reglulega með stöðu sinni gagnvart gildandi markmiðum og byggja ákvarðanir á áreiðanlegum gögnum, svo sem um kostnað, magn og meðhöndlun þess úrgangs sem fellur til á þeirra svæði. Hin nýu meginhlutverk sveitarfélaga við innleiðingu hringrásarhagkerfis eru í raun verkfæri sveitarfélaga til að ná markmiðum.

Sveitarfélög skulu vinna og samþykkja **svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs** sem er til 12 ára í senn sem segir meðal annars hvernig þau ætla að ná markmiðum sem í gildi eru. **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs** er mikilvægt stjórnæki sem sveitarfélög hafa til að útfæra nánar atriði sem snerta réttindi og skyldur íbúa og rekstraraðila. Þau geta í samþykktinni til dæmis útfært nánar atriði sem tengjast sérstakri

söfnun, staðsetningu íláta og hvernig sveitarfélagið hyggst innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs og bregðast við ef ekki er rétt flokkað.

Sveitarfélögum er gert að vinna **gjaldskrá** fyrir meðhöndlun úrgangs og innheimta gjald af einstaklingum og rekstraraðilum fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Frá áramótum 2023 er jafnframt gerð sú krafa til sveitarfélaga að innheimta eftir svokölluðu „Borgað þegar hent er“ kerfi, sem gengur út á að innheimt sé eftir magni og tegund úrgangs.

Sveitarfélög skulu **fræða** íbúa, rekstraraðila og aðra handhafa úrgangs, svo sem um úrgangsförvarnir og sérstaka söfnun í sveitarfélaginu. Einnig er þeim skylt að birta árlega upplýsingar um tekjur af gjöldum sem þau hafa innheimt vegna meðhöndlunar úrgangs og sundurliðun á raunkostnaði í málaflokknum. Til að auðvelda flokkun og skil úrgangs er sveitarfélögum gert að nota samræmdar merkingar fyrir ákveðna úrgangsflokka. Því miður skilar ekki allur úrgangur sér í þar til gerð ílát og er sveitarfélögum gert að sjá um **hreisun opinna svæða** í þeirra umsjón eða eigu.

Til að úrgangur geti talist auðlind eða hráefni þarf hann að ganga í gegnum hreinsunareld sem kallast meðhöndlun úrgangs. Huga þarf að öllu ferlinu í meðhöndlun úrgangs svo úrgangur verði að hráefni sem skilar sér aftur inn í hringrásina. Sísta niðurstaða meðhöndlunar úrgangs er förgun.

**Sérstök söfnun**, til dæmis við heimili, er iðulega það sem fær mesta athygli í úrgangsstjórnun hvers sveitarfélags. Í lögum eru sett fram lágmarksviðmið um hvaða úrgangsflokkum skal safna sérstaklega. Sveitarfélög bera **ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs** og þar með sérstakri söfnun hans. Hafa þarf í huga að hluti þess úrgangs sem fellur til hjá rekstraraðilum fellur undir skilgreininguna heimilisúrgangur.

Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti, líffúrgangi og blönduðum úrgangi skal fara fram við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Heimilt er að safna matarleifum við húsvegg en beina rúmfrekum líffúrgangi, svo sem garðaúrgangi, á söfnunar- eða móttökustöðvar. Jafnframt er heimilt að stunduð sé heimajarðgerð sem getur verið álitlegur kostur sér í lagi í þeim tilfellum þar sem hægt er að lækka útgjöld bæði heimila og sveitarfélaga. Sérstök söfnun á gleri, málmum og textíl getur verið á grenndarstöðvum, að því tilskildu að markmiðum sé náð. Hefð er fyrir því að safna fleiri úrgangsflokkum

## Helstu hlutverk sveitarfélaga í dag

1. Ná markmiðum
2. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
4. Gjaldtaka
5. Fræðsla og upplýsingagjöf
6. Sérstök söfnun
7. Meðhöndlun eftir söfnun
8. Flutningur heimilisúrgangs
9. Farvegir fyrir allan úrgang
10. Hreinsun á opnum svæðum



*Heimilisúrgangur fellur ekki eingöngu til á heimilum. Úrgangur frá heimilum telst vera heimilisúrgangur en samskonar úrgangur frá fyrirtækjum og stofnunum telst einnig til heimilisúrgangs, t.d. eldhúsuúrgangur frá mótuneytum og kaffistofum.*

á grenndarstöðvum og má þá helst nefna drykkjarumbúðir með skilagjaldi. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram í nærumhverfi íbúa, til dæmis á söfnunarstöð og/eða með sérstakri bifreið sem sækir spilliefni á ákveðnum fyrirframgefnum stöðum og tímum.

Hafa þarf í huga að við sérstaka söfnun skal úrgangsflokkum haldið aðskildum og þeim ekki safnað saman í íláti, eins og sums staðar tíðkast. Ljóst er að áframhaldandi blönduð söfnun þessara flokka krefst undanþágu frá lögum. Sveitarfélag ber ábyrgð á **meðhöndlun úrgangs eftir söfnun**

og með nýju lögunum er gert óheimilt er að blanda úrgangi sem hefur verið safnað sérstaklega við annan úrgang síðar í ferlinu. Sveitarfélög þurfa því að tryggja að flokkaður úrgangur skili sér sannarlega til endurnotkunar og endurvinnslu.

Öllum sveitarfélögum ber að hafa **tiltæka farvegi** fyrir allan úrgang sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins. Þetta á við um bæði heimilis- og rekstrarúrgang. Oft getur verið um mjög sértækan úrgang að ræða, svo sem seyru, dýrahæ, ökutæki, jarðefni, spilliefni og annan úrgang sem meðhöndla þarf á forsendum hollustuhátta og mengunarvarna. Farvegir fyrir úrgang þurfa ekki allir að vera staðsettir innan sveitarfélagsins sjálfs og geta verið reknir í samstarfi við önnur sveitarfélög. Sveitarfélög geta beint úrgangi á ákveðnar söfnunar- og móttökustöðvar, þar með töldum rekstrarúrgangi. Það er hlutverk rekstraraðila að sjá um flutning rekstrarúrgangs til meðhöndlunar. Rekstrarúrgangur er mismunandi að eðli og samsetningu. Sem dæmi má nefna úrgang sem fellur til í landbúnaði, í sérhæfðum iðnaði eða við byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Það er á ábyrgð

### FORGANGSRÖÐUN VIÐ MEDHÖNDLUN ÚRGANGS ÚRGANGSPRÍHYRNINGUR



sveitarfélaga að til staðar sé aðstaða til að safna flokkuðum byggingar- og niðurrifsúrgangi í að minnsta kosti spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs.

### Breytt úrgangsstjórnun ein mikilvægasta loftslagsaðgerðin

Innleiðing hringrásarhagkerfis og úrgangsstjórnun er eitt af meginverkefnum sveitarfélaga. Markmiðið með innleiðingu hringrásarhagkerfis er að koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur. Magn úrgangs sem fellur til á Íslandi er með því mesta sem gerist í þróuðum ríkjum

og hefur verið nátengt hagvexti enda er úrgangur að stærstum hluta vörur og umbúðir sem lokið hafa hlutverki sínu. Hringrásarhagkerfið miðar að því að rjúfa þessi tengsl.

Með innleiðingu hringrásarhagkerfis stefnum við að því að nýta auðlindir jarðar betur, á hátt sem takmarkar ekki tækifæri komandi kynslóða. Talið er að 45% losunar í heiminum í dag tengist því hvernig við framleiðum og notum vörur og meðhöndlum eftir að þær hafa lokið hlutverki sínu. Þessar vörur eru oft í línulegu ferli - sem er gengur út á að útvega hráefni, framleiða, nota og farga. Þetta er því ekki síður

mikilvægt verkefni í samhengi við loftslagsmál. Mikilvægt er að sveitarfélög horfi til úrgangsprihyrningsins í allri úrgangsstjórnun og vinni að því að ná þeim markmiðum sem þeim er gert að ná um meðhöndlun úrgangs.

# ALTA

## - með í ráðum

Við bjóðum þjónustu og námskeið á eftirfarandi sviðum:



**Skipulag og umhverfi**



**Landupplýsingar**



**Stefnumótun og sóknarfæri**

Við hjá skipulagsfyrirtækinu Alta sérhæfum okkur í skipulags-, umhverfis- og loftslagsmálum á öllum stigum skipulags. Leggjum áherslu á góðar forsendugreiningar og markvisst samráð við hagaðila.

Nánari upplýsingar á [www.alta.is](http://www.alta.is)

Yfirlit um skipulagsmál á [www.vefsja.is](http://www.vefsja.is)



# Samtakamátturinn og dýrðin



Freyr Eyjólfsson

Verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins hjá Sorpu.

Fyrir nokkrum árum bjó ég í New York. Þessi mikla kraftaverkaborg er í raun ótrúlegt fyrirbæri; mesta fjölmenningsamfélag mannkynssögunnar, þarna er endalaus orka og uppspretta uppfinninga, hugmynda og nýrra tækifæra. Þótt New York sé skítug, hávaðasöm, dýr og erfið borg, er samt eitthvað algjörlega magnað við hana. Hún er stöðugt að umbreytast, þarna svífur einhver andi yfir öllu – og hraði, þarna getur allt gerst og ekkert þarf að vera í dag eins og í gær.

Ég lærði eitt og annað í þessari miklu viðskipta- og menningarborg. Ég lærði t.d. að gera þrennt í senn, borða, labba og tala í síma, sem er mjög eðlilegur hlutir því allir eru jafnan að flýta sér. Meginreglan er að vera ekki að amast út í fólk sem er öðruvísi en þú. Ef einhver er í bleikum kanínubúningi að spila á banjó í lestinni, þá bara má það. Þú mátt gera það sem þú vilt, vera það sem þú vilt ef þú ert ekki að böggja aðra. Vertu bara þú sjálfur og vertu tilbúin/n að breytast.

## Nýjasta æðið – kaupfélög!

Allskonar tíska og trend byrjar í New York og smitast síðan um veröld alla. Eitt það furðulegasta er kaupfélög. Já, kaupfélög! Allir vinir mínir og nágrennar voru gengnir í kaup- og samvinnufélög eins og sjálfur Jónas frá Hriflu væri risinn upp frá dauðum og væri orðinn aðal-hipsterinn í Brooklyn. Kaupfélög með matarvörur, samvinnuleigufélög, samvinnublokkir og fyrirtæki; samnýting og deiliahagkerfi í öllum mögulegum stærðum og gerðum. Þetta eru sjálfspottnar hreyfingar og viðbrögð við hækkandi verði á húsnæði og matarvörum.

## Íslenska byltingin

Þetta eru sömu viðbrögð og hjá íslenskum bændum fyrir um 100 árum. Þá var Ísland ein fátækasta þjóð Evrópu og mörgum fannst varhugavert af svona örþjóð að heimta sjálfstæði, svona fátæk og hjálparlaus sem við sannarlega vorum. En eitt og annað gerðist með sjálfstæðinu; við fórum í áfengisbindindi (sem var löngu tímabært af lýsingum að dæma), fórum að hreyfa okkur (ungmennafélög), mennta okkur (stofnun lestarfélaga og Háskóla Íslands), þrifa okkur (hitaveitur og sundlaugar) og baða okkur í ljósi og birtu (rafveitur). Þetta er mesta bylting Íslandssögunnar og einn risastór og samtakamáttur samfélagsins, að rísa upp úr öskustónni, breytast og eflast. Íslenskir bændur tóku sig saman, hættu að vera Bjartur í Sumarhúsum og stofnuðu kaupfélög og rjórabú. Fjárfestu saman í ýmsum mikilvægum innviðum og atvinnutækjum, eins og smjörvélum, og hófu útflutning á smjöri; það krafðist nýrra vega og brúa sem skapaði enn önnur tækifæri.

Saga samvinnuhreyfingarinnar er kraftaverkasaga sem er alveg vert að skoða. Hún er saga samstöðu og sigra, litríkra leiðtoga og stórhuga framkvæmda, en einnig saga togstreitu, hatrammar stjórnmalabaráttu, mistaka og beiskra ósigra. Því eins og allir vita endaði sú saga illa. Því miður – því þarna var eitt og annað gott að gerast.

## Hér var einu sinni hringrásarhagkerfi

Mjög spennandi er að skoða fyrstu ár kaupfélaganna og hvað var að virka; skoða hvernig íslenskir bændur og almenningur skriðu út úr torfbæjunum og öðluðust reisn og tign. Tóku samfélagslega ábyrgð, stofnuðu lestrarfélög, byggðu bókasöfn, skóla, sundlaugar, vegi og brýr. Þarna var einhver magnaður kraftur og samtakamáttur á ferðinni. Öflugt deiliahagkerfi og í raun alveg magnað og fyrirmyndar hringrásarhagkerfi þar sem hámarks nýtni, endurnotkun og endurvinnsla var í forgrunni.

Þess konar samvinna gæti alveg skilað prýðisgóðum árangri hjá okkur í nútímasamfélagi eins og hún gerði áður – en þarf kannski að hugsa hana og útfæra öðru vísi. Í stað einstaklinga og bænda þurfa sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki að vinna betur saman. Hvernig getum við tileinkað okkur síði frá þessum tíma? Hvað getum við lært af öfum okkar og ömmum? Kannski ættum við að tileinka okkur betur hófsemi, iðni og nægjusemi; að laga og viðhalda því sem við eigum. En umfram allt að tileinka okkur þessa samvinnu og samtakamátt sem einkenni þessa miklu og mikilvægu uppbyggingu sem átti sér stað snemma á síðustu öld.

Fram undan eru margskonar verkefni: uppbygging innviða fyrir hringrásarhagkerfi. Við verðum að byggja líforkuverk og margskonar endurvinnsla; aðkallandi og löngu tímabær loftlagsverkefni sem geta skapað ný störf og tækifæri. En það krefst þess að við hugsum eins og hipsterarnir í New York og íslenskir bændur fyrir hundrað árum: við verðum að vinna saman.

### Endurhönnun hagkerfið

Hið fullkomna hringrásarhagkerfi blasir alltaf við okkur: Náttúran sjálf sem nýtir allt og hendir aldrei neinu. Hringrásarhagkerfið felur í sér endurskoðun á því hagkerfi sem við höfum þekkt, það krefst breytinga á hegðun og hugsun. Flokkun á úrgangi heima í eldhúsi er vissulega góð byrjun

en hringrásin endar ekki þar. Miklu meira þarf til. Við þurfum að efla samtakamátt og samvinnu allra sveitarfélaga við atvinnulíf og almenning til að efla nýtni og verðmætasköpun. Hringrásarhagkerfi er ein öflugasta aðgerð gegn loftslagsbreytingum, en líka vopn til að laga vöruskiptajöfnuð. Það eru sterk veikleikamerki hagkerfisins þegar við kaupum og kaupum, hendum og hendum og seljum lítið í staðinn. Að nýta betur það sem við eigum, nýta úrganginn og allt það sem fellur til er eitt það besta sem við getum gert gegn verðbólgu og hækkandi stýrivöxtum.

Við erum ekki öll í keppni; samkeppni og samvinna geta alveg unnið saman. Verkefnið er ærið og við þurfum að breytast og það þarf að gerast hratt.




# Svipmyndir frá landsþingi

sem haldið var í Reykjavík 31. mars 2023



Svipmyndir frá XXXVIII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Grand hóteli í Reykjavík föstudaginn 31. mars sl. Haraldur Guðjónsson Thors ljósmyndari var á ferðinni og tók myndirnar á opnunni.







Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga fór fram á Grand hóteli í Reykjavík föstudaginn 31. mars sl.

Helgi Aðalsteinsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir, sem bæði starfa á kjarsviði sambandsins sögðu frá stöðu kjaraviðræðna og Helga Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastýra Jafnlaunastofu, ræddi um starfsmatskerfi sem stuðlar að launajafnrétti.

Húsnæðismál voru einnig á dagskrá þar sem Sigurður Ingi Jóhannsson, sveitarstjórnarráðherra lagði línurnar áður en Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps fjölluðu um áskoranir sveitarfélaga sinna í húsnæðismálum.

## Málefni flóttafólks

Mikil umræða var um móttöku flóttafólks og hælisleitenda á landsþingi sambandsins og voru þrír fyrirlestrar helgaðir því máli, Annars vegar frá Guðmundi Inga Guðbrandssyni og hins vegar í örerindum frá Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra Bláskógabyggðar, og Ástu Kristínu Guðmundsdóttur, teymisstjóra alþjóðateymis hjá Reykjanesbæ.

Einar Brandsson bæjarfulltrúi á Akranesi, var kjörinn aðalmaður í stjórn sambandsins í stað Lilju Bjargar Ágústsdóttur sem misst hefur kjörgengi sitt. Júníana Björg Óttarsdóttir, Snæfellsbæ, var kjörin varamaður í stað Einars.

Upptökur frá þinginu má finna á vef sambandsins, [www.samband.is](http://www.samband.is).



# Samstarf sveitarfélaga í jafnlaunamálum – Jafnlaunastofa



Helga Björg Ragnarsdóttir  
framkvæmdastýra Jafnlaunastofu

Jafnlaunastofa er sjálfstæð starfseining í eigu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar og tók til starfa í byrjun árs 2022. Hlutverk Jafnlaunastofu er að stuðla að launajafnrétti á vettvangi sveitarfélaganna, m.a. með því að veita stjórnendum þeirra stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um að jöfn laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf hjá sveitarfélögunum. Starfsemi Jafnlaunastofu er tvíþætt. Annars vegar rekur hún starfsmatskerfi sveitarfélaganna (SAMSTARF), sem Verkefnastofa starfsmats sinnir en hún er nú staðsett undir Jafnlaunastofu. Hins vegar fræðsla og ráðgjöf varðandi jafnlaunamál ásamt þekkingaruppbyggingu, þátttöku í þróunarverkefnum og samstarfi í þágu launajafnréttis.

Launamunur kynjanna er minni á vettvangi sveitarfélaganna en hjá ríkinu og á almennum markaði. Hann er þó engu að síður enn til staðar. Á meðan launajafnrétti hefur ekki verið náð er þörf fyrir markvissar aðgerðir í þágu launajafnréttis af hálfu sveitarfélaga og

Jafnlaunastofa styður við þá vinnu eins og kostur er.

## Launamunur kynjanna

Hagstofan mælir reglulega óleiðréttan launamun kynjanna. Nýjustu tölur eru fyrir árið 2021 en þá var óleiðréttur launamunur karla og kvenna 10,2% og hafði þá dregist saman frá fyrra ári úr 11,9%. Launamunurinn er ólíkur eftir mörkuðum. Árið 2021 var launamunur karla og kvenna 13,9% á almennum vinnumarkaði og 10,0% hjá starfsfólki ríkisins en talsvert lægri eða 6,1% meðal starfsfólks sveitarfélaga.

Til viðbótar við mælingar á óleiðréttum launamun mælir Hagstofan leiðréttan launamun kynjanna og mun á atvinnutekjum karla og kvenna. Slíkar mælingar voru ekki gerðar fyrir árið 2021 en samkvæmt rannsókn Hagstofunnar var munur á atvinnutekjum kynjanna 25,5%, óleiðréttur launamunur 13,9% og leiðréttur launamunur 3,6% árið 2019. Ljóst er að þessar ólíku aðferðir til að mæla launamun kynjanna gefa ólíkar niðurstöður. Því getur verið erfitt að átta sig á gangi mála í átt að launajafnrétti þegar hugtakanotkun er svo ruglingsleg. Það er því tilraunarinnar virði að varpa örlitlu ljósi á hvað þessar ólíku aðferðir við að greina launamun segja okkur í raun.

Segja má að samanburður á atvinnutekjum karla og kvenna sýni okkur hversu miklu munar á launagreiðslum til karla og kvenna að meðaltali án tillits til nokkurra skýribreyta. Ef tekið er tillit til vinnutíma fæst hinn svokallaði óleiðrétti launamunur og með því að nota enn fleiri breytur eins og t.d. menntunarstig, starf og atvinnugrein til að skýra launamuninn erum við komin með leiðréttan launamun.



Launamunur kynjanna er minni á vettvangi sveitarfélaganna en hjá ríkinu og á almennum markaði. Hann er þó engu að síður enn til staðar.

Með nokkurri einföldun má segja að munur á atvinnutekjum og óleiðréttur launamunur varpi ljósi á efnahagslegan veruleika kynjanna. Leiðrétti launamunurinn varpar svo ljósi á hvaða þættir aðrir en vinnutími skýra launamuninn. Hafa ber í huga að ef einblínt er á leiðréttan launamuninn þar sem starf og atvinnugrein eru meðal skýribreyta, er horft fram hjá kynskiptingu vinnumarkaðarins og því hvernig hefðbundin kvennastörf eru gjarnan lægra launuð en hefðbundin karlastörf.

## Launamunur kynjanna minni hjá sveitarfélögum

Sérstaða sveitarfélaganna í launarrannsóknnum á sér vafalaust fjölþættar skýringar en má að hluta rekja til þess að grunnlaunasetning meirihluta starfa sveitarfélaganna byggir á notkun starfsmatskerfis. Endurspeglast það ekki síst í rannsókn Hagstofunnar sem segir þá lækkun áberandi sem verður á leiðréttum launamun hjá sveitarfélögunum milli árána 2015 og 2016 úr 5,1% í 3,2%. Í rannsókninni er ályktað að þessa lækkun megi rekja til endurskoðunar á starfsmatskerfi sveitarfélaganna sem leitt hafi til hækkunar launa hjá nokkrum hópum, meðal annars í fjölmönnum kvennastéttum .



# Jafnlaunastofa

## Starfsmatskerfi sveitarfélaganna

Á tíunda áratug síðustu aldar var á vettvangi sveitarfélaga farið að líta svo á að sú aðferðafræði sem byggt var á við launaröðun starfa stæðist ekki fyllilega kröfur jafnréttis laga um að konum og körlum skyldu greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Í kjölfarið var, í samstarfi við stéttarfélög, farið að huga að innleiðingu starfsmatskerfis á vegum sveitarfélaganna sem uppfyllti jafnlaunaákvæði laga og stuðlaði að gagnsæi og málefnalegum launaákvörðunum. Leitað var út fyrir landsteinana og fyrir valinu varð starfsmatskerfi sem hannað var af sveitar- og stéttarfélögum í Bretlandi. Að hönnun kerfisins komu sérfræðingar í jafnréttismálum og unnið var í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um gerð starfsmatskerfa sem meta kvenlæga þætti til jafns við karllæga. Kerfið var þýtt, staðfært og innleitt hér á landi upp úr aldamótum. Síðan þá hafa sveitarfélögin byggt grunnlaunasetningu sífellt stærri hluta starfa sinna á því með þeim árangri að launamunur kynjanna hefur dregist meira saman en á öðrum mörkuðum hér á landi.

## Leiðir að launajafnrétti

Frá samþykkt laga nr. 60 um launajöfnuð karla og kvenna árið 1961 hefur ýmsum aðferðum verið beitt til að ná fram markmiðum þeirra. Sjónum hefur verið beint að menntun kvenna og náms- og starfsvali þeirra og þær hvattar til að sækja í auknum mæli í hefðbundin

„karlastörf“. Fæðingarorlof hefur verið lengt og fæðingarorlofsréttur jafnaður. Lögð hefur verið áhersla á styttingu vinnuvikunnar og aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að samræma vinnu og einka-/fjölskyldulíf.

Það liggur fyrir að kynskiptur vinnumarkaður skýrir að mestu leyti launamun kynjanna. Engu að síður hefur lítið farið fyrir aðgerðum sem snúa að hinum kynskipta vinnumarkaði og endurmati kvennastarfa til að draga úr launamun kynjanna. Hér eru sveitarfélögin undantekning. Í hinum kynskipta vinnumarkaði felst að karlar og konur starfa í ólíkum atvinnugreinum og störfum. Hin hefðbundnu kvennastörf eru að jafnaði minna metin en hefðbundin karlastörf. Þannig eru störf í félags-, heilbrigðis- og menntastofnunum að jafnaði verr launuð en störf í bygginga- og fjármálastarfsemi.

Til að útrýma launamun kynjanna er ekki nóg að hvetja konur í verkfræði eða fjölga körlum í hjúkrun, beina þarf sjónum að virðismati starfa. Skoða þarf til hvaða þátta er lítið við launaákvæðanir starfa. Rýna þarf hvort ábyrgð á velferð fólks er metin til jafns við fjárhagslega ábyrgð, hvort tilfinningalegt álag er metið til jafns við líkamlegt álag, hvort lítið er til þátta eins og áreitni og smithættu ekki síður en hitastigs og mengunar við mat á vinnuáðstæðum og svo framvegis. Launasetning á að byggja á faglegum viðmiðum sem ná til allra starfa með það að markmiði að tryggja réttláta launasetningu fyrir öll líkt og jafnlaunaákvæði laga kveða á um.

## Starfsmat sem leið að launajafnrétti

Segja má að hér á landi séu þrjú módel við grunnlaunasetningu. Á almenna markaðinum eru laun ákvörðuð í ráðningarsamningum. Sveitarfélög byggja grunnlaunasetningu flestra starfa á starfsmati, en annars á launaröðunarköflum kjarasamninga. Launasetning á vegum ríkisins byggir á kjara- og stofnanasamningum. Í öllum tilfellum þarf launasetning að vera í

samræmi við viðkomandi kjarasamninga, jafnlaunaákvæði laga og kröfur jafnlaunastaðals.

Þegar kemur að virðismati starfa hafa sveitarfélögin forskot með notkun starfsmatskerfis við grunnlaunasetningu. Með notkun þess er markvisst unnið gegn áhrifum hins kynskipta vinnumarkaðar þar sem ólík störf eru metin út frá sömu viðmiðum sem taka mið af eðli og inntaki allra starfa. Þannig hefur fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á velferð fólks jafnt vægi og sömuleiðis er tilfinningalegt álag metið til jafns við líkamlegt álag.

Tölur um launamun kynjanna, þar sem sveitarfélög skera sig úr með minnsta launamuninn, gefa sterklega til kynna að notkun starfsmatskerfis við launasetningu skili árangri í baráttu fyrir launajafnrétti. Er það tilefni til frekari rannsókna á launasetningaraðferðum og áhrifum þeirra á launamun kynjanna.

## Aukin áhersla á jafnlaunamál

Með aukinni áherslu á jafnlaunamál m.a. í tengslum við lögfestingu jafnlaunavottunar hefur þörf stjórnenda hjá sveitarfélögum fyrir fræðslu og ráðgjöf í tengslum við starfsmat og jafnlaunamál aukist. Þá er tímabært að huga að hönnun matskerfa vegna viðbótarlauna til að tryggja að launasetning bæði grunn- og viðbótarlauna byggji á skýrt skilgreindum og málefnalegum viðmiðum í samræmi við jafnlaunaákvæði laga. Jafnlaunastofu er ætlað að bregðast við þessari stöðu og styðja við málefnalega launasetningu í þágu launajafnréttis.






# Gleðin á alltaf að vera í fyrirrúmi í leik og starfi

Karl Björnsson ræðir við Garðar H. Guðjónsson um líf sitt og störf nú þegar hann lætur af störfum hjá sambandinu eftir langan og farsælan feril í sveitarstjórnar- og byggðamálum. Kominn tími á fjölskylduna og áhugamálin. Fer sáttur frá borði.

Ég er fyrst og fremst þakklátur fyrir að hafa fengið að vinna að málum sem ég hef mikinn áhuga á og það með svona góðu og velviljuðu fólki. Það er bara gæfa að vinna með fólki sem vill samfélaginu vel og leggur sig fram um að gera það á vandaðan og faglegan hátt. Ég hef átt einstaklega gott samstarfsfólk hjá sambandinu, í sveitarstjórnnum, ráðuneytum og stofnunum. Við höfum ekki alltaf verið sammála um alla hluti en mestu skiptir að gleðin hefur verið í fyrirrúmi. Nú tekur við nýtt tímabil í mínu lífi og ég er fullur tilhlökkunar að takast á við það. Langir vinnudagar í gegnum tíðina hafa sannarlega komið niður á fjölskyldulífinu en fjölskyldan hefur sýnt því umburðarlyndi og fyrir það er ég afar þakklátur. Ég hlakka mikið til að geta sinnt fjölskyldunni og áhugamálunum betur en ég hef getað hingað til, segir Karl Björnsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, við blaðamann Sveitarstjórnarmála.

Karl lætur af störfum og fer á eftirlaun 1. maí eftir ríflega tveggja áratuga starf hjá sambandinu og um 40 ára störf að sveitarstjórnar- og byggðamálum.

Karl hóf störf hjá sambandinu 2002 sem sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri Launanevndar sveitarfélaga. Hann varð framkvæmdastjóri 2008 þegar Þórður Skúlason lét af störfum. Áður hafði Karl verið bæjarstjóri á Selfossi og í Árborg frá 1986 og gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir sambandið. Óhætt er því að segja að fáir ef nokkur búi yfir viðlíka reynslu af sveitarstjórnarmálum og Karl.



## Náin fjölskylda

Karl fæddist í Reykjavík 26. apríl 1957, sonur hjónanna Guðnýjar Straumberg Sigurðardóttur og Björns Þórhallsóssonar, sem bæði eru látin. Hann verður því fullra 66 ára þegar hann lætur af störfum. Guðný var lengst af heimavinnandi húsmóðir en Björn var viðskiptafræðingur og rak eigin bókhaldsskrifstofu. Hann var félagsmálamaður eins og sonurinn, formaður Landssambands verslunarmanna, varaforseti ASÍ og stjórnarformaður Ögurvíkur útgerðarfélag. Þau hjónin voru ættuð úr Þingeyjarsýslum og voru afi og langafi Karls báðir kaupfélagsstjórar á Kópaskeri.

Karl kynntist eiginkonu sinni, Katrínu Ingu Karlsdóttur, þegar hann var bæjarstjóri á Selfossi.

„Hún kom fyrst á fund bæjarstjórans með erindi vegna húsnæðismála leikfélagsins. Svo hittumst við á balli og eitt leiddi síðan af öðru. Við höfum allar götur síðan verið í farsælu hjónabandi,“ segir Karl.

Börn þeirra eru fjögur, stjúpbörnin Jón Þorkell læknir og Ninna Karla listfyrirbærfræðingur og svo Björn Þór lögmaður og Dagmar íþróttfræðingur Karlsbörn. Barnabörnin eru orðin átta talsins.

„Hluti af barnabörnunum býr í grennd við okkur hér í Grafarvoginum og samgangurinn er mikill, okkur til mikillar ánægju. Fjölskyldan er mjög náin, samverustundirnar margar þegar færi gefast og svo ferðumst við mikið saman,“ segir Karl.



Frá undirritun LOF samkomulagsins árið 2020. Karl Björnsson, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, þáverandi formaður sambandsins, og Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála.

## Valsari fyrir lífstíð

Hann ólst upp í Hlíðunum að 11 ára aldri þegar fjölskyldan flutti í Fossvoginn. Í Hlíðunum varð hann Valsari fyrir lífstíð.

„Ég spilaði fótbolta með Val sem krakki og unglingur og fótbolti er enn í dag eitt af áhugamálum mínum. Ég spilaði með ekki ómerkari mönnum en Sævari Jónssyni, Pétri Ormslev, Atla Eðvaldssyni, Guðmundi Þorbjörnssyni og fleiri fræknum fótboltamönnum og við urðum þrisvar sinnum Íslandsmeistarar í okkar aldursflokki. Knattspyrnuferillinn tók þó snöggan endi þegar ég varð fyrir meiðslum á fæti í vinnuslysi þar sem ég var við garðyrkjustörf fyrir borgina þegar ég var 16 ára. En fótbolti verður áhugamál fyrir lífstíð. Ég fylgist vel með ensku úrvalsdeildinni og þá sérstaklega mínu liði sem er Manchester United. Og þegar stórmót eins og EM og HM eru í gangi held ég með Hollandi ef Ísland er ekki með í mótinu og sit límdur við sjónvarpið og fylgist með,“ segir Karl.

Starfsævi hans hófst snemma. Ellefu ára gamall gerðist hann sendill hjá Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur og tólf ára hjá bifreiðaverkstæði, hjólaði þá um götur borgarinnar og sinni ýmsum erindum fyrir vinnuveitendur sína. Síðan tóku við ýmis sumarstörf. Hann vann langa vinnudaga við færiband

hjá Kassagerð Reykjavíkur þegar hann var 13 og 14 ára og starfaði við virkjanaframkvæmdir á Suðurlandi þrjú sumur.

„Við stóðum 12 tíma dag- og næturvaktir í 10-11 daga í beit og fengum síðan þriggja til fjögurra daga frí. Ég vann einnig tvö sumur við að mála virkjanirnar í Soginu í uppmælingu sem gaf ansi góðar tekjur. Ég hafði mjög gott af þessu. Náttúran þarna er svo falleg. Mýið var svakalegt en maður vandist því. En þetta var þannig að maður hafði ekki fyrr málað vegg en hann varð grár af mýi sem veðraðist svo bara af næst þegar hann gerði rok og rigningu,“ rifjar Karl upp.

”

Það hringdi í mig maður og tjáði mér að ef ég myndi sækja um starf bæjarstjóra á Selfossi yrði ég líklega ráðinn. Þeim í bæjarstjórninni hafði þá verið bent á mig sem mann sem þekkti til í kerfinu og hefði vit á fjármálum. Ég ákvað að slá til og fékk starfið.

## Iðnaðarmaður innst inni

Menntavegurinn var fram undan. Hann varð stúdent af eðlisfræðideild frá Menntaskólanum við Tjörnina og útskrifaðist síðan sem viðskiptafræðingur úr Þjóðhagskjarna, hagrannsóknasviði, frá Háskóla Íslands 1982.

„Ég var eiginlega utan skóla fyrstu tvö árin í viðskiptafræðinni og í vinnu hjá Útvegsbankanum. Ég hafði undirbúið mig vel fyrir námið í menntaskóla meðal annars með því að taka bókfærslu sem valgrein og góð stærðfræðikunnátta úr menntaskólanum reyndist mér vel. Eftir að ég fór að sækja fyrirlestra var ég svo í hálfu starfi hjá Framkvæmdastofnun ríkisins svo ég hafði alltaf góðar tekjur með náminu. Það gerði það að verkum að þegar ég var tvítugur var ég í færum til að kaupa mér mína fyrstu íbúð á efri hæð í gömlu tvíbýli við Barónsstíg. Ég flutti þar inn og gerði húsnæðið upp bæði að utan og innan. Ég hafði öðlast talsverða reynslu af verklegum framkvæmdum í hinum ýmsu störfum með iðnaðarmönnum og treysti mér alveg í þetta.

Mér fannst ég vera kominn á réttan aldur til að fara að heiman og mér fannst miklu skynsamlegra að borga af mínu eigin húsnæði og stuðla að eiginfjármyndun en að leigja af öðrum. Ég tók einu sinni námslán bara til að eiga fyrir nauðsynlegum verkfærum til framkvæmdanna og það hefur fylgt mér allar götur síðan að hafa gaman af handverki og framkvæmdum. Það að vinna við að mála og smíða hjálpar mér að tæma hugann og veitir kærkomna hvíld frá daglegum störfum á skrifstofu. Eftir nám hef ég alltaf unnið á skrifstofu en ég held samt að ég sé iðnaðarmaður innst inni,“ segir Karl.

## Bæjarstjóri 29 ára

Að loknu námi starfaði hann sem sérfræðingur í áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og í fyrirtækjadeild Bygðastofnunar og öðlaðist þar dýrmæta reynslu. Árið 1986 fékk hann hins vegar símtal sem breytti lífi hans og varðaði veginn fyrir starfsferil hans og einkalíf. Hann var 29 ára gamall.



„Það hringdi í mig maður og tjáði mér að ef ég myndi sækja um starf bæjarstjóra á Selfossi yrði ég líklega ráðinn. Þeim í bæjarstjórn hafði þá verið bent á mig sem mann sem þekkti til í kerfinu og hefði vit á fjármálum. Ég ákvað að slá til og fékk starfið. Ég var ungur og einhleypur þá svo það hlýtur að hafa verið nokkur áhætta að ráða mig en þetta var framsýnt fólk. Svo kynntist ég Kötú konunni minni fljótlega og við fórum að búa saman. Verkefni mitt á Selfossi fyrstu árin var að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl og það gekk vel,“ segir Karl.

### Árborg verður til

Hann átti eftir að búa og starfa á Selfossi og í Árborg næstu 16 árin. Sveitarfélagið var í stöðugum vexti allan tímann.

„Íbúum fjölgaði jafnt og þétt enda er Selfoss og Sveitarfélagið Árborg einstaklega vel í sveit sett, þaðan er stutt til höfuðborgarinnar en náttúran á svæðinu er jafnframt afar falleg.“

Það sem stendur upp úr í störfum Karls fyrir austan er tvímælalaust sameining sveitarfélaganna á svæðinu. Selfoss, Sandvíkurhreppur, Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkaheppur sameinuðust 1998 og mynduðu Sveitarfélagið Árborg. Karl var bæjarstjóri nýja sveitarfélagsins til 2002. Hann gegndi lykilhlutverki í sameiningarferlinu, var formaður bæði undirbúningsnefndar og framkvæmdanefndar.

„Fyrstu árin eftir stofnun Árborgar gekk mjög vel að stilla saman strengina, útfæra sameininguna og standa við gefin loforð. Sameiningin hafði verið vel undirbúin og sveitarfélögin runnu vel saman. Þetta var mikið heillaspor fyrir þetta svæði. Það hefur sýnt sig að það skiptir máli að vera öflugt sveitarfélag þegar ráðist er í mikla uppbyggingu eins og verið hefur undanfarin ár. Því fjölmennara, því betra. Mikilli fjölgun og uppbyggingu fylgir vissulega tímabundin skuldasöfnun en til lengri tíma litið á svona stórt samfélag að ráða vel við það,“ fullyrðir Karl.



*Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, og Karl Björnsson mættu fyrir tilviljun klæddir eins og tvíburabræður í vinnuna einn daginn í vetur. Þá var auðvitað nauðsynlegt að smella af mynd.*

### Kalli, það er auglýst eftir þér í Mogganum!

Einn góðan veðurdag árið 2002 var Karl staddur í kaupfélaginu á Selfossi þegar annar viðskiptavinur, sem var sveitarstjórnarmaður á Hellu, kallar til hans: „Kalli, það er auglýst eftir þér í Mogganum í dag!“ Í ljós kom að sambandið hafði auglýst nýtt starf sviðsstjóra kjarasviðs og viðkomandi fannst Karl henta vel til starfans. Á þessum tíma var ljóst að Karl myndi láta



# LOFTTRAMPÓLÍN

Framleitt af Sidijk BV



velaval.is  
alltaf opin!



af störfum sem bæjarstjóri svo hann sótti um og fékk þetta nýja starf.

„Ég tikkaði í öll box í þessari starfsauglýsingu. Ég hafði mikla reynslu af kjaraviðræðum, var lengi í launanefnd sambandsins og formaður í mörg ár. Þetta var orðin svo mikil vinna að það var ekki hægt lengur að sinna þessu með fullri vinnu annars staðar. Maður var í fullu starfi sem bæjarstjóri, fór svo á viðræðufundi í Reykjavík síðdegis, sat þar fram á kvöld og keyrði svo aftur austur seint og um síðir. Það var alveg rosalegt álag. Nú hefur þetta þróast þannig að til þess færst atvinnufólk og sérfræðingar sinna þessu yfirleitt á dagvinnutíma en ekki á kvöldin og um helgar.“

Þórður Skúlason var framkvæmdastjóri sambandsins þegar Karl hóf þar störf. Þeir þekktust vel og Karl ber honum vel söguna.

„Ég var í miklu sambandi við Þórð bæði fyrir og eftir að ég byrjaði að vinna hjá sambandinu. Það var gott að vinna með Þórði. Hann er einstaklega góður maður og gaman að vinna með honum. Við vorum alveg á sömu línu að því leyti, vildum halda gleðinni í störfum okkar,“ segir Karl.

Þórður lét af störfum sem framkvæmdastjóri haustið 2008 og Karl var ráðinn í hans stað.

### Beint í djúpu laugina

Undangengin ár hafði ríkt einstakt efnahagsástand í landinu, svonefnt góðæri, og mikil uppbygging átti sér stað á vegum sveitarfélaga. Karl segist ekki hafa grunað hvað væri í vændum þegar hann tók við nýju starfi en aðeins nokkrum mánuðum síðar varð efnahagshrun. Karl tók stökkið út í djúpu laugina.

”

Þarna upplifði maður svakalegan vilja og metnað hjá starfsfólkinu til að standa sig vel og þótt aðstæður hafi verið krefjandi var mjög gaman að vinna með fólki á svona háu þekkingarstigi. Það kom berlega í ljós hvað starfsfólkið okkar er öflugt, það eru alger forréttindi að fá að starfa með þessu fólki. Það sama gildir um starfsemi og starfsfólk sambandsins á Covid tímabilinu.

# HVERNIG ER YKKAR INNKAUPUM HÁTTAÐ ?



Hámarkið skilvirkni og hagkvæmni í innkaupum með því að nýta ykkur þjónustu Consensa þegar kemur að framkvæmd útboða og ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa.

**CONSENSA**

**Hafið samband**

[www.consensa.is](http://www.consensa.is) | sími 6505040  
Kalkofnsvegur 2 | [consensa@consensa.is](mailto:consensa@consensa.is)





Þessi mynd sem fékk viðurnefnið „Dressman auglýsingin“ sýnir þá Karl Björnsson, Einar Njálsson, verkefnisstjóra í félagsmálaráðuneytinu, Bolla Þór Bollason, ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu, Árna Pál Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra og Halldór Halldórsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, ganga í átt að Ráðherrabústaðnum við Lækjargötu. Tilefnið var undirritun samninga um málefni fatlaðs fólks árið 2010.

„Þetta var áfall en maður tekur því sem að höndum ber. Við vorum öll samtaka í þeirri vinnu sem fór í hönd eftir hrunið. Við Halldór Halldórsson, sem þá var formaður, unnum mjög náið saman við þessar krefjandi aðstæður og það átti raunar við allt starfsfólk sambandsins. Þarna upplifði maður svakalegan vilja og metnað hjá starfsfólkinu til að standa sig vel og þótt aðstæður hafi verið krefjandi var mjög gaman að vinna með fólki á svona háu þekkingarstigi. Það kom berlega í ljós hvað starfsfólkið okkar er öflugt, það eru alger forréttindi að fá að starfa með þessu fólki. Það sama gildir um starfsemi og starfsfólk sambandsins á Covid tímabilinu.

Sveitarfélögin voru mörg orðin mjög skuldsett, höfðu haft miklar tekjur og hrint alls kyns uppbyggingu í framkvæmd. Við hrunið röskuðust allar áætlanir og nú þurfti að skoða alla hluti uppá nýtt, endurmeta áætlanir og taka erfiðar ákvarðanir. Ljóst var að víða þurfti að fækka starfsfólki en opinberir starfsmenn

hafa miklu meiri ráðningarvernd en starfsfólk á almennum vinnumarkaði. Ég tel þó að sveitarfélögin hafi verið mun skjóttari en ríkið að bregðast við. Dregið var úr framkvæmdum og settar reglur um skuldaviðmið og afkomu og rekstur sveitarfélaga sem hafa reynst vel. Sveitarfélögin hafa virt þessar reglur og sveitarstjórnarmenn hafa sýnt að þeir eru ábyrgir í fjármálum þegar á reynir,“ segir Karl.

### Þjónar sveitarfélaganna

Hann bætir við að hrunið og eftirmál þess séu lexía sem sem bæði sambandið og sveitarfélögin þurftu að læra af og reynsla sem þau búa nú að.

„Hins vegar er það þannig að reynsla í sveitarstjórnnum hverfur mjög hratt vegna gríðarlegrar endurnýjunar kjörinna fulltrúa. Hún hefur verið yfir 50 prósent í síðustu fernum kosningum. Sumir sitja þó lengur og búa að miklu stofnanaminni og einn og einn framkvæmdastjóri situr nógu lengi til að byggja upp reynslu sem aðrir

geta lært af. Við hjá sambandinu erum þó með mjög vönduð og öflug námskeið fyrir nýja fulltrúa í sveitarstjórnnum og erum afar stolt af Sveitarfélagaskólanum okkar. Þetta nám fer nú fyrst og fremst fram á netinu en nú erum við að fylgja því eftir og undirbúa verkleg námskeið víða um land, förum um héruð og viljum hitta fólk.

Hjá sambandinu er fyrir hendi mikil reynsla í rekstri og starfsemi sveitarfélaga og við miðlum henni í gegnum þjónustu og námskeið. Fólkið okkar býr yfir mikilli þjónustulund og er mjög meðvitað um þjónustuhlutverk okkar. Við heyrum það stundum frá ríkinu hvort sambandið geti ekki bara ákveðið þetta eða hitt fyrir sveitarfélögin en það er bara ekki þannig. Við erum bara leiðbeinandi aðili, ráðgjafar og þjónar sveitarfélaganna.

Allt okkar starf byggist á öflugri stefnumörkun og það er mjög mikilvægt fyrir starfsemina að hafa skýra stefnumörkun og markmiðssetningu. Það er okkar leiðarljós og verkefnalisti hverju sinni og ég treysti mínu fólki algjörlega

til að fylgja því og þarf ekkert að vera að horfa yfir öxlina á fólki í daglegum störfum,“ segir Karl.

### Samskiptin við ríkisvaldið

Snar þáttur í störfum Karls og samstarfsfólks hans hefur verið að eiga margvísleg samskipti við ríkisvaldið. Sambandið veitir umsagnir um frumvörp og reglugerðir og á í stöðugum samskiptum við ríkið um hagsmunamál sveitarfélaganna. Karl segir samskiptin við ríkisvaldið ganga misvel.

„Við höfum alltaf átt mjög gott samstarf við ráðuneyti sveitarstjórnarmála hverju sinni. Þar hef ég hitt fyrir gott og velviljað starfsfólk og ráðherra sem gott er að vinna með. Við formaður sambandsins

hittum ráðherra og stjórnendur í innviðaráðuneytinu á mánaðarlegum fundum og berum saman bækur okkar. Við eigum einnig mjög gott samstarf við önnur fagráðuneyti sem fara með mikilvæga málaflokka sem snúa að sveitarfélögum. Það er yfirleitt skilvirkt og gott samstarf. Við vinnum út frá niðurstöðum og minnispunktum á milli funda.

Fjármálaráðuneytið hefur talsverða sérstöðu enda ræður það miklu í krafti peninganna. Við gerum okkur vel grein fyrir að þau í ráðuneytinu hafa það hlutverk að ná endum saman fyrir ríkið og hafa því tilhneigingu til að fara í vörn gagnvart okkur sem sífellt erum að falast eftir meira fjármagni. Ég skil það vel. Við höfum einnig þurft að verjast ýmsum hugmyndum sem hafa komið frá ríkinu og

”

Allt okkar starf byggist á öflugri stefnumörkun og það er mjög mikilvægt fyrir starfsemina að hafa skýra stefnumörkun og markmiðssetningu. Það er okkar leiðarljós og verkefnalisti hverju sinni og ég treysti mínu fólki algjörlega til að fylgja því og þarf ekkert að vera að horfa yfir öxlina á fólki í daglegum störfum.



## STERKIR Í STÁLGRINDARHÚSUM

Um 250 hús um land allt!







Karl ásamt Halldóri Halldórssyni. Halldór var formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í þrjú kjörtímabil, 2006-2018.

Það hefur í mörgum tilvikum gengið vel. Við brugðumst til dæmis harkalega við hugmyndum um að skerða jöfnunarsjóð fyrir nokkrum árum og tókst að reka þær til baka. Við erum því bæði í sókn og vörn í þessum samskiptum. Við náðum líka ágætum samningi við ríkið um lífeyrismál og tókst að fá ríkið til að taka á sig um 30 milljarða skuldbindingu sem sveitarfélögin hefðu annars þurft að taka á sig.

Annað hefur ekki gengið eins vel. Árið 2021 var rúmlega 14 milljarða halli á þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk. Hann er leiðréttur um fimm milljarða á þessu ári en það er ekki nóg. Það er áskorun að takast á við fjárveitingavaldið, en ég er ekkert að kvarta yfir því, þetta er bara áhugavert verkefni með fjölbreyttum áskorunum um að finna lausnir," segir Karl.

## Flutningur grunnskólans gæfuspor

Þegar hann lítur um öxl eftir 40 ára starf að sveitarstjórnar- og byggðamálum kemur margt upp í huga hans. Hann hefur sem bæjarstjóri og síðar sviðsstjóri og framkvæmdastjóri sambandsins lagt gjörva hönd á allar helstu breytingar sem orðið hafa á sveitarstjórnartiginu á þessu tímabili. Karl segir að stóra breytingin sé sú hvað sveitarstjórnartigið hefur stækkað og eflst. Sveitarfélögin hafa tekið við stórum verkefnum, bæði grunnskólanum og þjónustu við fatlað fólk, en Karl hefur verið í innsta hring í samningaviðræðum við ríkið og í útfærslu þessa verkefnaflutnings.

„Þetta hafa verið mjög spennandi viðfangsefni. Sveitarfélögum hefur líka fækkað mikið undanfarna áratugi og mörg hver stækkað bæði að landsvæði og íbúafjölda. Það hefur aukið möguleikana á að halda úti góðri stjórnáslu og mikilli þjónustu við íbúana. Hagkvæmni hefur aukist og starfið er skilvirkara og faglegra. Með þessu stefna samfélögin upp á við, það gerist allt hraðar með aukinni tækni og mér finnst að nú sé betur vandað til verka en áður.“

## Það voru forréttindi að vinna með Karli

Ég kynntist Karli þegar hann var bæjarstjóri Árborgar og ég orðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Þarna var Karl að taka við sem bæjarstjóri í sameinuðu sveitarfélagi eftir að hafa stýrt Selfossi í 12 ár. Það var auðvelt að ná tengslum enda stafar góðvildin og fagmennskan af manningunni langar leiðir. Svo tók hann við nýstofnuðu kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2002 og þá jukust heldur betur samskiptin.


Þetta segir Halldór Halldórsson sem vann náið með Karli Björnssyni í formannstíð sinni hjá sambandinu á árunum 2006-2018.

„Það var mikil gæfa að fá Karl í þetta starf því það þurfti að móta það og enginn gerði það betur. Það hefur reyndar alltaf komið mér á óvart hvað Karl hafði einlægan áhuga á kjaramálunum sem eru frekar þungur og viðkvæmur málaflokkur en þannig er hann. Viðfangsefnið eru krufin til mergjar og þekkingin hundrað prósent.

Árið 2006 er ég orðinn formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveimur árum seinna lét Þórður Skúlason, farsæll framkvæmdastjóri sambandsins, af störfum. Úr hópi umsækjenda varð Karl fyrir valinu og hefði kannski ekki átt að koma á óvart miðað við þá gríðarlegu reynslu sem hann hafði í farteskinu. Og sú reynsla allan starfstímann tengd byggða- og sveitarstjórnarmálunum. Fótboltastrákurinn úr Hlíðunum í Reykjavík reyndist hafa stórt landsbyggðarharta sem hefur svo sannarlega slegið allan tímann með hagsmunum byggðanna í landinu.

Það voru forréttindi að vinna með Karli þau tíu ár sem leiðir okkar lágu saman á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á þeim hundruðum funda sem við áttum vegna hagsmuna sveitarfélaganna, stjórnarfundum og allri vinnu var hann alltaf vel undirbúinn og átti gott með að vinna með ólíkum aðilum. Það er mikill styrkleiki og hann hefur svo sannarlega nýst okkur öllum til góðs. Ég óska Kalla, Kötú og fjölskyldu alls velfarnaðar á þessum tímamótum," segir Halldór.





**Leiðandi í framleiðslu & sölu  
á hágæða leiktækjum frá 1986**

Gylfafiöt 7, 112 Reykjavík | S. 587 8700 | [krumma@krumma.is](mailto:krumma@krumma.is)

Hvað einstök verkefni varðar nefnir hann meðal annars sameiningu sveitarfélaganna í Árborg.

„Það var mjög ánægjulegt verkefni að standa að myndun Árborgar og fylgja nýju sveitarfélagi úr hlaði. Á landsvísu hef ég komið að fjölmörgum verkefnum og setið í mörgum nefndum á vegum sambandsins og sem bæjarstjóri. Eitt af stóru og eftirminnilegu verkefnum var að vera í kostnaðarnefnd og samninganefnd um flutning grunnskólans frá ríkinu 1996. Ég held að grunnskólinn hafi eflst mikið að gæðum í meðförum sveitarfélaganna. Nú eru miklu fleiri starfsmenn, bæði með fagmenntun sem og aðrir. Skólustarfið hefur þróast með jákvæðum hætti á ýmsa vegu og nemendum er betur sinnt en áður. Sveitarfélögin hafa ákveðið að verja meira fjármagn en áður til fræðslumála og skólustarfs. Það er alveg óumdeilt í mínum huga að flutningur grunnskólans var gæfuspor,“ bendir Karl á.

### Stoltur af lífeyrismálunum

Hann hefur ítrekað tekið þátt í breytingum á húsnæðismálum í gegnum tíðina

og hefur setið í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar síðan 2020. Sem bæjarstjóri og framkvæmdastjóri hefur hann tekið þátt sem fulltrúi sambandsins í að þróa húsnæðiskerfið í víðu samhengi um áratuga skeið.

„Ég held að núverandi kerfi sé afskaplega vel heppnað. Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til að tryggja að þeir tekjulægri geti haft efni á húsnæði. Húsnæðisstuðningur hefur aukist, bæði ríki og sveitarfélög hafa lagt fram stofnframlög og hlutdeildarlán fyrir fyrstu kaupendur hafa reynst vel og eru komin til að vera. Stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnana eins og Bjargs og Brákar hafa og munu áfram koma mörgum vel,“ segir Karl.

Hann segist einna stoltastur af aðkomu sinni að lífeyrismálum. Hann tók þátt í uppstokkun á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna 1997 þegar b-deildum sjóðanna var lokað og ákveðið að stofna Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga, sem nú heitir Brú. Hann fékk það hlutverk að leiða öll verkefni sem tengdust stofnun lífeyrissjóðsins. Hann var lengi



*Karl segir það hafa verið ánægjulegt verkefni að standa að myndun Árborgar og að fylgja hinu nýja sveitarfélagi úr hlaði.*

”

Mér þykja lífeyrismálin mjög áhugaverð og hef komið að öllum breytingum og framþróun á þeim fyrir hönd sambandsins. Ég er ánægður með aðkomu mína að þeim, þótt ég segi sjálfur frá.

formaður stjórnar hjá Brú og hefur verið helsti sérfræðingur sveitarfélaganna um lífeyrismál.

„Mér þykja lífeyrismálin mjög áhugaverð og hef komið að öllum breytingum og framþróun á þeim fyrir hönd sambandsins. Ég er ánægður með aðkomu mína að þeim, þótt ég segi sjálfur frá,“ segir Karl og kímur sem oftár.

„Reyndar hefur það oft verið þannig að þegar lífeyrismálin koma til umfjöllunar á sveitarstjórnarstiginu þá segja menn bara; „Sér Kalli bara ekki um þetta?“, því flókin lífeyrismál höfðu nú ekki til allra,“ bætir hann við.

### Ríkisfjármál hugsuð til lengri tíma

Hann kom sem framkvæmdastjóri sambandsins mikið að mótun fjármálareglna sem settar voru eftir hrun. Hann sat meðal annars fyrir



*Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018-2022, Karl Björnsson og Heiða Björg Hilmisdóttir, núverandi formaður sambandsins, á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga en Heiða sæmdi hann þá heiðursmerki sambandsins fyrir vel unnin störf.*



## Þakkar fyrir einstakt samstarf og vináttu

Ég man fyrst eftir Karli þegar hann var ungur og eftirtektarverður bæjarstjóri á Selfossi og ég þá nýflutt í það góða sveitarfélag. Hann átti á Selfossi afar farsælan feril og hefur síðan helgað sig sveitarstjórnarmálum með afbragðs góðum árangri. Til fjölda ára höfum við á hinum ýmsu sviðum átt samstarf og samskipti í gegnum tíðina og þá ekki síst eftir að ég tók við sem formaður Sambandsins árið 2018 eftir að hafa áður setið í stjórn frá árinu 2007. Samskipti okkar Karls hafa ávallt verið einstaklega góð og aldrei hefur borið skugga á okkar góða samstarf, segir

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem var formaður sambandsins 2018-2022.

„Karl var auðvitað minn nánasti samstarfsfélagi á meðan ég var formaður og ég get ekki nógsamlega þakkað þann mikla stuðning, velvild og hvatningu sem hann ávallt sýndi. Sem framkvæmdastjóri hefur hann sýnt mikla lipurð í mannlegum samskiptum sem skiptir öllu í starfi framkvæmdastjóra. Sem félagi er hann léttur og skemmtilegur eins og allir stjórnarmenn víta og sjálfsagt sveitarstjórnarmenn allir.

Hann getur með miklu stolti stigið út úr hringiðu sveitarstjórnarmála vitandi það að hans störf hafa skipt okkur öll miklu máli. Fyrir það vil ég þakka núna þegar Karl Björnsson lætur af störfum.

Fyrir hans hönd og Katrínar konu hans gleðst ég yfir því að þau geta nú notið sælureitsins síns í sveitinni og enn meiri samveru með þeim sem skipta þau mestu máli. Þúsund þakkir fyrir þín störf, Karl, og einstakt samstarf og vináttu,“ segir Aldís.

## FLÓKIN VERKEFNI KALLA Á TRAUSTA LEIÐSÖGN

Verkefnum sveitarfélaga hefur á undanförunum árum fjölgað hratt. Víðara verksvið, aukið flækjustig og ríkari kröfur hafa aukið þörfina fyrir utanaðkomandi ráðgjöf á fjölmörgum sviðum stjórnáslunnar.

LEX lögmannsstofa hefur á að skipa 40 sérfræðingum með sérþekkingu á öllum þeim megin sviðum lögfræðinnar er varða sveitarfélögin á Íslandi.

Framtíðin er ókannað svæði.  
Láttu sérfræðinga okkar vísa þér veginn.

**LEX**

LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Fax 590 2606

Austurvegi 6  
800 Selfossi

Sími 590 2600  
lex@lex.is  
www.lex.is







Karl ásamt kollegum frá sveitarfélagasamböndum Norðurlandanna á fundi sem haldinn var í Helsinki 2023.

hönd sveitarfélaga í nefnd á vegum fjármálaráðherra um opinber fjármál. Hún fjallaði aðallega um ríkisfjármál en laut einnig að fjármálum sveitarfélaga.

„Það var mjög mikilvægt að tryggja að þessar nýju reglur myndu falla að okkar áherslum en stóra framfarasporið sneri að ríkinu sem síðan hefur þurft að gera langtímaáætlanir um sín fjármál. Þetta höfðu sveitarfélögin gert um langa hríð og okkur þótti skýrt að ekki skyldu gilda sömu reglur um ríkið. Þetta var hluti af uppstokkun opinberra fjármála eftir hrúnið og var gríðarleg framför að innleiða þessa langtímahugsun í ríkisfjármálin. Það auðveldar alla skipulagningu og móttun framtíðarsýnar að horfa á opinberu fjármálin til lengri tíma í senn.“

Karl hefur setið í stjórn Byggðastofnunar frá 2014 og meðal annars komið að gerð og útfærslu sóknaráætlana landshluta sem hann segir hafa verið valdeflandi fyrir sveitarfélög.

„Ég hef alltaf haft mikil tengsl við sveitarfélög á landsbyggðinni og reynt að leggja mitt af mörkum til byggðamála. Sigurður Ingi Jóhannsson nefndi það við mig einhverju sinni að hann vildi tengja þéttar saman sambandið og Byggðastofnun og ég sagði bæði í gríni og alvöru að þá þyrfti ég að setjast í stjórn Byggðastofnunar. Sex mánuðum síðar hringdi hann í mig og sagði að nú væri komið að því, ég ætti að taka sæti í stjórninni. Ég hef átt ákaflega ánægjulegt samstarf við Byggðastofnun

og starfsfólkið þar. Frábært starf er unnið hjá stofnuninni og menn mega vera stoltir af því,“ segir Karl.

### Gleði, bjartsýni og skipulag

Þegar blaðamaður spyr hvort Karl hyggist halda einhverjum stjórnarstörfum áfram þótt hann láti af störfum framkvæmdastjóra glottir hann við.

„Menn hafa verið að stríða mér með því að ég muni ekki losna svo auðveldlega, menn muni vilja hafa mig áfram í hinum og þessum verkefnum. Ég vil reyndar gjarnan klára tímabilið hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Þar er unnið frábært starf sem ég vil taka þátt í eitthvað áfram. Ég hef einnig brennandi áhuga á byggðamálum. En ég verð þó að passa mig og velja gaumgæfilega. Nú er



Við megum ekki taka okkur sjálf of alvarlega eða falla niður í eitthvert svartnætti þótt við tökum verkefni sjálf að sjálfsögðu alltaf alvarlega. En best er að fara í gegnum þau og finna lausnir með gleði og bjartsýni og gott skipulag að leiðarljósi.

komið að því að sinna fjölskyldunni og áhugamálunum.“

Karl hefur sem framkvæmdastjóri unnið með þremur formönnum sambandsins, Halldóri Halldórssyni, Aldísi Hafsteinsdóttur og Heiðu Björgu Hilmisdóttur, og allmörgum forsetum bæjarstjórnar og formönnum bæjarráðs. Hann er því vanur að þurfa að kynna og aðlagast nýju fólki sem hann ber ábyrgð gagnvart.

„Fólk er misjafnt svo þetta snýst um að finna réttan takt í samstarfinu hverju sinni. Ég held að mér hafi tekist ágætlega að finna út úr því og er mjög ánægður með samstarfið við allt þetta fólk. Ég vil helst hafa gaman í vinnunni og mér finnst þetta fólk hafa verið sama sinnis hvað það varðar. Við megum ekki taka okkur sjálf of alvarlega eða falla niður í eitthvað svartnætti þótt við tökum verkefni að sjálfsögðu alltaf alvarlega. En best er að fara í gegnum þau og finna lausnir með gleði og bjartsýni og gott skipulag að leiðarljósi. Ég hefði ekki komist í gegnum þennan starfsferil nema vera vel skipulagður og horfa alltaf fram í tímann.“

Hluti af því að vera skipulagður er að undirbúa sig vel fyrir alla fundi, virða allar reglur og temja sér stundvísi og það hef ég gert. Ég vil hafa vaðið fyrir neðan mig og mæti yfirleitt fyrstur manna á fundi. Með því verra sem hendir mig er að vera of seinn á fund. Þetta snýst um aga og skipulag og virðingu fyrir þeim sem maður starfar með. Samstarfsfólk mitt gerir nú dálítið grín að mér fyrir þetta en hefur lagað sig að þessu. Þetta er bara minn taktur og ég lít svo á að þetta eigi að vera hluti af kúltúrnum hjá sambandinu.“

### Stjórnun er sköpun

Hann ber samstarfsfólkinu hjá sambandinu vel söguna. Þekkingarstigið sé hátt og viljinn til að veita góða þjónustu sé ríkjandi meðal starfsfólks.

„Kannanir sem við framkvæmum annan hvern mánuð meðal starfsfólks sýna að starfsánægjan er mikil og það má fullyrða að ánæggt starfsfólk er undirstaða góðrar



Útsýnið frá sumarhúsinu undir Vörðufelli er ægifagurt. Þar bíða mörg handtökin sem sjálfsagt munu leika í höndunum á iðnaðarmanninum og eftirlaunaþeganum Karli Björnssyni.

framleiðni í allri starfsemi. Við búum við þá gæfu hjá sambandinu og fyrir það er ég þakklátur," segir Karl.

Hann bætir við að hann líti svo á að stjórnun sé sköpun og útskýrir það nánar.

„Áhugi minn á smíðavinnu og mörgu öðru sem ég vinn með höndunum byggist á einhverri þörf fyrir að skapa, breyta og bæta. Í mínum stjórnunarstörfum

nær alla starfsævina hef ég einnig haft tækifæri til að fá útrás fyrir þessa sköpunarþörf. Það hef ég gert með því að tileinka mér lausnamiðaða hugsun. Þau eru mörg málin sem eru flókin og þarfnast þess að fundin séu úrræði sem leysa þau. Að finna góða lausn og framkvæma hana er sköpun. Maður sér að lausnin breytir málum til batnaðar, maður finnur jákvæðni og þakklæti meðal samstarfsfólks og viðsemjenda í mörgum

tilvikum og launin eru fyrst og fremst ánægja og hvatning til að halda áfram á slíkri braut.

Ég er frekar trygglyndur maður og hef einungis haft þrjá vinnuveitendur á fullorðinsárum. Ég hef lagt mig fram um að þjóna þeim vel og fer sáttur frá borði," segir Karl.

> Við elskum tölvukerfi

> ok.is



# Karl er mikill málafylgjumaður og sanngjarn og raunsær

Við Karl höfum þekkt lengi í tengslum við sameiginlegan áhuga okkar og ástríðu fyrir sveitarstjórnar- og byggðamálum og almennri uppbyggingu í landinu. Ég vil þakka honum fyrir góð samskipti og samstarfið í gegnum tíðina. Karl er mikill málafylgjumaður en jafnframt sanngjarn og skynsamur maður um það sem er raunhæft hverju sinni, segir Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra í viðtali við Sveitarstjórnarmál.

Sigurður Ingi og Karl Björnsson kynntust á vettvangi sveitarstjórnarmála á Suðurlandi í lok síðustu aldar. Karl gerðist ungur bæjarstjóri á Selfossi 1986 og segir Sigurður Ingi að snemma hafi farið það orð af nýja bæjarstjóranum að hann væri nákvæmur í sínum störfum, vel undirbúinn og skipulagður. Sjálfur tók Sigurður Ingi sín fyrstu skref á löngum stjórnmálaferli þegar hann tók sæti í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 1994. Hann gerðist þar síðan varaoddviti og loks oddviti frá 2002 þar til hann var kjörinn á Alþingi í fyrsta sinn 2009.

„Við kynntumst í gegnum samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi og eftir að ég settist á þing leitaði ég oft til Karls og fleiri hjá sambandinu eftir upplýsingum og ráðgjöf. Mín reynsla af honum sem framkvæmdastjóra sambandsins er að hann er jafnan vel undirbúinn og með gögn máli sínu til stuðnings. Hann fylgir málum hart eftir og getur verið ýtinn, sem er auðvitað góður eiginleiki í hans starfi. En að sama skapi er hann ævinlega sanngjarn og lítur raunsætt á mál. Við höfum að mörgu leyti haft sömu sýn á sveitarstjórnar- og byggðamál og lítum báðir á það sem



*Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, veltir hér vöngum yfir fjárhagsstöðu sveitarfélaga á fjármálaráðstefnu 2022.*

gæfuspor þegar Karl kom inn í stjórn Byggðastofnunar að mínu frumkvæði 2014 þegar ég var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þar með komst á fyrsta formlega tengingin milli sambandsins og Byggðastofnunar,“ segir Sigurður Ingi.

Eftir að hann varð ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála 2017 jókst samstarf þeirra Karls og á síðustu árum hafa þeir átt mánaðarlega fundi um sveitarstjórnarmál og samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

„Við hittum formann og framkvæmdastjóra sambandsins mánaðarlega til að fara yfir verkefni hvors um sig og þau verkefni sem við vinnum að sameiginlega sem er nú oftast raunin. Þetta hefur

reynst ákaflega vel að mínu mati. Þessir fundir eru gott tækifæri fyrir báða aðila til að viðhalda reglulegum samskiptum og fylgja málum eftir. Samskiptin eru góð en auðvitað er oft tekist á og þá er gott að hafa reglulegt form á samskiptunum svo þau haldi alltaf áfram þótt sjónarmið geti verið andstæð,“ segir Sigurður Ingi.

Hann segist hafa spurt Karl nýlega hvað hann ætlaði að taka sér fyrir hendur eftir starfslok því hann hafi haft þá tilfinningu að áhugi Karls og ástríða tengdist helst störfum hans.

„Hann kvaðst myndu hafa nóg að gera og ég óska honum alls velfarnaðar í því,“ segir Sigurður Ingi.





# Ég mun hafa nóg fyrir stafni

Hjónin Katrín Inga Karlsdóttir og Karl Björnsson.

Ég ætla nú ekki að sitja auðum höndum þótt ég hætti að mestu að vinna við tölvu og sitja fundi og kvíði því alls ekki að ég verði aðgerðalaus. Ég á mér ýmis



Karl Björnsson yngri að hjálpa afa sínum og alnafna að smíða pall.

áhugamál sem ég hlakka til að sinna betur en ég hef getað og svo ætla ég að sinna fjölskyldu minni miklu betur en ég hef haft ráðrúm til hingað til, segir Karl Björnsson, sem lætur af störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins um næstu mánaðamót.

„Við hjónin höfum mjög gaman af því að ferðast og höfum farið víða. Skemmtilegast er þegar börnin og barnabörnin eru ferðafélagarnir. Við munum örugglega sinna þeim málum vel næstu ár. Við stundum einnig reglulega hreyfingu við hjónin. Við höfum gengið nokkuð góðan spöl um Grafarvoginn alla morgna áður en vinnudagurinn hefst í tæplega 20 ár. Það er mikilvægt að viðhalda góðri heilsu og reyna að vera sprækur þegar aldurinn færir yfir,“ segir hann.

Karl hefur frá unga aldri haft yndi af hvers kyns verklegri vinnu eins og að smíða og mála.

„Ég hef mikla sköpunarþörf og hef gaman af því að smíða og byggja upp. Það er eitt helsta áhugamál mitt. Ég byggði sjálfur, með góðri aðstoð fjölskyldunnar, að stórum hluta sumarhús okkar í Bláskógabyggð. Síðast réðst ég til dæmis í að stækka pallinn og setja niður heitan pott hér í Grafarvoginum og sá um allar þær framkvæmdir sjálfur mér til ánægju, en að sjálfsögðu með hjálp barna og barnabarna,“ segir hann.

Karl og Katrín kona hans eiga fjögur börn og átta barnabörn sem Karl nær að umgangast meira að lokinni langri og farsælli starfsævi. Fjölskyldan á fallett sumarhús í Vörðufelli fyrir ofan Laugarás, skammt frá Skálholti, og þar hyggst Karl nú verja meiri tíma en áður.

Smíðar, viðhald og skógrækt

„Þar hef ég í gegnum tíðina getað dundað mér við smíðar og viðhald og stundað skógrækt. Við erum með hálfan

hektara lands sem var bara sinuvaxið þegar við fengum það en nú er það skógi vaxið. Elstu trén eru orðin mjög myndarleg svo nú er í raun komið að því að höggva skóg og grisja. Við settum niður blandaðan gróður, grenitré, lerki og aspir fjær bústaðnum en alls kyns lægri gróður þegar nær dregur húsinu. Þarna höfum við gott skjól en jafnframt alveg dásamlegt útsýni yfir Suðurland.

Við áttum reyndar stóran garð þegar við bjuggum á Selfossi og þar var ég með uppeldi á græðlingum sem ég flutti svo upp í Vörðufell þegar þeir voru orðnir hæfir til þess.

Ég hef oft þurft að neita mér um dvöl og hvíld í Vörðufelli vegna anna í starfi en nú mun ég alveg pottþétt láta það eftir mér. Ég næ hvernig að slappa eins vel af og þar," segir Karl.

### Málaralistin

Hann segist líka geta hugsað sér að dusta rykið af málningarpenslunum og byrja að mála aftur en hann gerði um tíma talsvert af olíumálverkum.

„Hver veit nema ég taki penslana og strigann aftur fram. Það er mjög góður farvegur fyrir sköpunarþörfina. Ég mála úti í skúr og á þar slatta af verkum sem eru aðallega abstrakt en sum líka



Börnin eru fjögur talsins; Björn Þór, Ninna Karla, Jón Þorkell og Dagmar.

fígúratív. Krakkarnir og vinir þeirra hafa verið áhugasöm um þessa iðju mína og hafa getað komið og tekið myndir og svo ræður Kata hvað fer inn í hús hjá okkur. Ég hef teiknað mikið frá því ég var barn. Þetta er áhugamál sem ég hef ekki verið að þröngva upp á aðra en ef fólk líst vel á myndirnar mínar og vill hafa þær uppi á vegg er ég bara ánægður.“

### Veiðir sér til matar

Karl var alinn upp við laxveiði á unga aldri. Foreldrar hans fóru mikið í laxveiði í Hrutafjarðará og víðar og hann veiddi maríulaxinn sinn snemma.

„Ég hef alveg rosalega gaman af stangveiðinni. Þegar ég var strákur fórum við og veiddum í mörgum af betri ám landsins sem nú eru svo dýrar að veiðar þar eru bara fyrir þá forríku. Ég er gamaldags veiðimaður, veiði mér í matinn og hirði fiskinn. Mér finnst lax bara svo góður matur, bæði soðinn og reyktur. Ég nota þau veiðarfæri sem duga best hverju sinni; spún, maðk, flugu og túbur. Mér finnst mjög gaman að veiða á maðk. Það þykir ekki öllum fínt en það er árangursríkt.

Svo þú sérð að fólk þarf ekkert að hafa áhyggjur af því að ég drepist úr leiðindum,“ segir Karl og hlær dátt.



Sigurvegarnir í árlegri keilukeppni sambandsins 2023: Jóhannes Á. Jóhannesson, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Svandís Ingimundardóttir og Karl Björnsson.



# LÍFRÆNAR SKÓLPHREINSISTÖÐVAR Í ÖLLUM STÆRÐUM

## WPL DIAMOND

- **WPL DIAMOND FRÁVEITUHREINSISTÖÐ**

Er fyrir 1-55 PE þ.e bóndabýli, sumarbústaði, minni ferðamannastaði, tjaldstæði og húsaþyrpingar þar sem ekki eru tengingar við fráveitu.

- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð.
- Stenst allar kröfur Heilbrigðiseftirlits

- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 1 - 55 persónueiningar
- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð.
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar.



**wpl**  
Diamond



## WPL HiPAF

kemur í ýmsum stærðum, allt eftir notkun og íbúafjölda.  
Allt frá 55 persónueiningum og upp í stærstu sveitarfélög.

- Hreinsistöðin í aðskildum einingum auðveldar aðgengi og uppsetningu á svæðum þar sem rými er lítið.
- Engir vélknúnir eða rafknúnir íhlutir.
- Prautreynd tækni frá WPL byggð á meira en 25 ára reynslu.
- Drif með stillanlegum hraða hámarka orkunýtni.
- Sparneytnar þjöppur með tímastillum í boði sem aukabúnaður
- Hreinsistöðin er grafin í jörðu og spillir því ekki útsýni
- Uppfyllir allar Evrópskar byggingarreglugerðir og reglugerðir umhverfisstofnunnar Evrópu.



## IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



# Ferðapjónusta um allt land með skemmtiferðaskipum



**Pétur Ólafsson**  
framkvæmdastjóri Akureyrarhafnar og  
formaður Cruise Iceland.

Það er einn vorboðanna í ferðapjónustunni þegar umræða um ágang á ferðamannastöðum hefst. Eðlilega er slík umræða ríkjandi þegar ferðamannastaðir eru enn í uppbyggingu, líkt og á Íslandi. Áhugi ferðamanna, eðli máls samkvæmt, kemur oftast á undan uppbyggingunni og enn háværi er umræðan þegar barist er um kökuna en að lokum kemst á sátt og jafnvægi á forsendum þeirra innviða sem eru til staðar.

Fyrir Íslendinga skipta tveir þættir ferðapjónustu mestu máli og lúta þeir báðir að jafnvægi. Það er annars vegar heilsársferðapjónusta og hins vegar jafnari uppbygging ferðamannastaða um allt landið. Til að ná fram þessum markmiðum þarf fjölbreytta ferðapjónustu, fleiri gáttir inn í landið og gríðarlega mikla innviðauppbyggingu á landsbyggðinni.

Umferð skemmtiferðaskipa á Íslandi hefur ákveðna kosti fyrir þessi markmið. Þrátt fyrir að skemmtiferðaskip komi á axlarmánuðum og háönn eru skemmtiferðaskipin sérstaklega mikilvæg fyrir landsbyggðina þar sem uppbygging innviða stendur enn yfir. Skemmtiferðaskipin stuðla að uppbyggingu þjónustu án þess að vera hamlað af fullbókudum gististöðum. Í mörg ár hefur verið talað um að dreifa ferðamönnum betur um landið og má segja að engin ferðamáti geri það betur en skemmtiferðaskipin því skipin heimsækja hátt í 20 hafnir um allt land. Hefur þetta haft gríðarlega mikil og jákvæð áhrif á hafnarsjóði og styrkt rekstur þeirra mjög mikið. Jafnframt hafa orðið til fjöldi ferðapjónustufyrirtækja til að sinna farþegunum.

Almennt má segja að norrænir ferðamannastaðir upplifi margvíslegan ávinning af umferð skemmtiferðaskipa. Auknar tekjur úr ferðaþjónustu stuðla að sterkari krónu og minni verðbólgu. Skemmtiferðaskipin auka sýnileik og viðurkenningu áfangastaða sem eykur líkurnar á að hægt sé að byggja þá upp. Atvinnutækifærum heimamanna fjölga og aukin útgjöld til kaupa á staðbundinni vöru og þjónustu geta skilið á milli þess hvort þjónusta og vörur eru á annað borð fánægleg á sumum stöðum eða ekki. Þetta eykur því lífsgæði heimamanna mikið.

Skemmtiferðaskip hafa haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á landsbyggðinni á Íslandi sem og í Skandinavíu. Rannsókn sem gerð var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar leiddi í ljós að skemmtiferðaskip hafa hjálpað til við að auka fjölbreytni ferðamanna í dreifbýli með því að fá ferðamenn með ólíkan bakgrunn og þjóðerni. Það stuðlar að

auknum útgjöldum gesta á þessum svæðum og atvinnutækifærum fjölga verulega en eðlilega hefur það jákvæð áhrif á atvinnulíf og menningu.

Ferðamennska á skemmtiferðaskipum er einn af þeim þáttum sem vex hvað hraðast í ferðaþjónustunni og getur hún lagt mikið af mörkum til hagkerfis áfangastaðarinnar. Löng strandlengja Íslands í stórbrotnu landslagi sem laðar að vaxandi fjölda skemmtiferðaskipa og farþega án þess að valda mjög íþyngjandi álagi á hringveginn er jákvæð þróun.

Ferðamenn komast til landsins með flugi eða skipum. Um mjög ólíkan ferðamáta er að ræða en skemmtiferðaskipin sækja á og fyrir því eru m.a. eftirfarandi ástæður. Ekki er lengur notuð svartolía heldur skipagasolía sem uppfyllir reglugerð um brennisteinsinnihald og losun. Slökkt er á aðalvélum skipa í höfnum og ljósavélar notaðar. Skipum er skylt að

nýta rafmagn úr landi sé það mögulegt en það felst mikil uppbygging í að setja upp háspennutengingar fyrir slíkt. Sú vinna er í gangi hjá stærstu höfnunum en ljóst að stjórnvöld verða að koma með betri hætti að því verkefni. Mörg farþegaskip notast við síur til að varna því að sót berist í andrúmsloftið. Losun SO<sup>2</sup>, brennisteinstvíoxíðs, er lang minnst frá skipum, mest frá flugi en ökutæki koma þar á milli. Skemmtiferðaskip losa hvergi ómeðhöndlað skólp og þau flokka allan sinn úrgang sem er í kjölfarið komið til móttökuaðila í höfn.

Tökum vel á móti fólkinu sem sækir okkur heim í sumar og munum að það er vel tekið á móti okkur þegar við ferðumst.



## GRAND HÓTEL REYKJAVÍK FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARAÐSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.



HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M<sup>2</sup> BREIÐTJALD



# Tryggjum nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu



**Ása Valdís Árnadóttir**

oddviti í Grímsnes- og Grafningshreppi og stjórnarformaður Samtaka orkusveitarfélaga.

Samtök orkusveitarfélaga voru stofnuð í nóvember 2011. Á síðasta aðalfundi samtakanna voru aðildarsveitarfélögin samtals 20. Á stofnfundinum var fjallað um mikilvægi þess að sveitarfélögin hefðu sameiginlegan vettvang til að vinna í þessum málaflokki. Nefnt var sérstaklega t.d. fasteignaskatta, nýtingarsamninga og mikilvægi þess að starfa saman. Í samþykktum samtakanna segir að tilgangur þeirra sé eftirfarandi:

- Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og

virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.

- Að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.
- Að taka þátt í mótun orkustefnu með áherslu á stöðu vatnsafls jarðvarma og vindorku sem sjálfbærar orkuframleiðslu.
- Að miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflokkinn.
- Að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. vinnu við gerð laga og reglugerða sem varða orkumál og nýtingu jarðvarma og vatnsafls og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast.

Stjórn samtakanna hefur unnið nokkuð ötullega að þessum málum undanfarin ár og má þar nefna þátttöku í tveimur starfshópum um skattlagningu orkumannvirkja þar sem starfshópunum var falið að finna leiðir til skattlagningar

á mannvirki til að framleiða og flytja raforku. Afurðir úr þessari vinnu hafa þó ekki staðið undir okkar væntingum. Þann 13. nóvember 2020 var sameiginlegu álitum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Samtaka orkusveitarfélaga skilað inn til þáverandi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Þar var lýst yfir vonbrigðum um að þetta væri í annað sinn á fáum árum sem starfshópi mistekst að komast að sameiginlegri niðurstöðu um leiðir til þess að tryggja sveitarfélögunum sanngjarnar tekjur af orkuframleiðslu og -flutningi.



Eitt af markmiðum stefnumótunarvinnunnar er því að sameina orkusveitarfélög um ákjósanlegar leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu er að fela í sér auknar tekjur til sveitarfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu.



Í kjölfarið sendi stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þann 12. maí 2021 formlega kvörtun til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja, sem SO telur að feli í sér óheimila ríkisaðstoð til raforkuframléiðslu. Málsmeðferð hefur tekið nokkurn tíma en samtökin fengu bréf frá ESA, dags. 13. desember 2022 þar sem er sett fram sú afstaða að ESA telji kvörtunarefnið ekki fela í sér ólögðmætan ríkisstuðning. Jafnframt er kynnt að ESA fyrirhugi ekki á þessum tímapunkti, að fylgjast sérstaklega með framkvæmd umrædds fyrirkomulags. Samtök Orkusveitarfélaga sendu erindi til ESA á ný nú í byrjun febrúar 2023 þar sem komið var á framfæri athugasemdum.

Aðallega gerir SO athugasemd við að hafa ekki fengið aðgang að erindum íslenska ríkisins vegna málsins, en ESA hefur veitt upplýsingar um að slík gagnaaafhending sé ekki í samræmi við reglur ESA. Þá hefur upplýsingabeidni samtakanna til íslenskra stjórnvalda, verið hafnað með vísan til 2. tölul. 10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir. Samtökin eru ósammála þessari afstöðu íslenskra stjórnvalda, enda er erfitt að greina hvaða mikilvægu almannahagsmunir leiða til þess að umfjöllun um markmið og framkvæmd gildandi fasteignaskattalöggjafar komi ekki fram opinberlega, jafnvel þó sú umfjöllun sé lögð fyrir ESA. Af framangreindum ástæðum gátu samtökin ekki gert athugasemdir við bréf ESA frá 13. desember 2022, á grunni þeirra gagna sem ESA bárust frá íslenskum stjórnvöldum.

Samtök orkusveitarfélaga hafa undanfarna mánuði verið að vinna að uppfærslu á stefnumótun samtakanna til að hafa betra verkfæri í höndunum til að vinna eftir. Það sem m.a. er að koma út úr þeirri vinnu er að sveitarfélög eru enn sammála um mikilvægi þess að halda áfram að berjast fyrir auknum hag nærsamfélagsins við orkunýtingu en gengið hefur illa að ná fram lagabreytingum í þá átt undanfarin ár. Eitt

af markmiðum stefnumótunarvinnunnar er því að sameina orkusveitarfélög um ákjósanlegar leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu er að fela í sér auknar tekjur til sveitarfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu.

Á sama tíma og stjórn var að fjalla um þessi mál fóru aðildarsveitarfélög víðs vegar um landið að skoða sín mál og sum hver í ákveðna vegferð. Í kjölfarið ákvað stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þann 17. febrúar s.l. annars vegar að hvetja öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörnt skipting auðlindarinnar yrði fest í lög. Og hins vegar að stofna starfsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframléiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði

við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga. Nefndin hefur m.a. haldið vinnufund með aðildarsveitarfélögum og var honum skipt upp í tvo hluta; Skilgreining á nærsamfélagi orkuvinnslu og ákjósanlegar leiðir til innheimtu tekna til nærsamfélagsins.

Næstu skref Samtaka orkusveitarfélaga eru að fá í hendurnar niðurstöður þessa vinnufundar þar sem fram munu koma tillögur m.a. að skilgreiningu á nærsamfélagi og á hverju hægt sé að byggja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Í kjölfarið fer síðan af stað vinna við að kynna tillögurnar, kalla eftir formlegu samtali við ráðherra og aðra hagaðila til að finna sameiginlegar og skýrar niðurstöður á sanngjörnum tekjum af orkuframléiðslu og -flutningi.

Það er von Samtaka orkusveitarfélaga að þessi vinna skili sér í því að nærsamfélagið muni njóta sanngjarns ávinnings af orkuvinnslu.



# Tækifæri til að „tengja“ köldu svæðin



Íris Róbertsdóttir  
bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar og  
stjórnarmaður í SSKS.

Samorka hélt ársfund sinn 15. mars sl. Yfirskriftin var „Tengjum við tækifærin“. Í forgrunni var flutnings- og dreifikerfið - og geta þess til orkuskipta. Erindin voru fróðleg og áhugaverð. Það sem var gegnum gangandi á þessum fundi var hvað kerfið okkar í kringum þessi mál er þungt og hreyfist of hægt. Á það bæði við orkuöflunina og uppbyggingu flutningskerfisins

Mikið var rætt um uppbyggingu innviða m.a. til að hægt verði að rafvæða bílafloðann en það eru bara sjö ár þangað til bannað verður að flytja inn bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Einnig var mikið rætt um flutningskerfið sem er að ýmsu leyti mörgum árum á eftir þörfinni vegna þess að hægt hefur gengið að ná sátt um ýmsa kosti til að styrkja það.

Í lokin var fjörukt pallborð sem ég tók þátt í og var niðurstaðan í mínum huga að Orkuskiptamarkmið stjórnvalda eru metnaðarfull og nauðsynleg - en til að fara í þessi orkuskipti þarf skýrar leiðir að þeim markmiðum og þar stendur hnifurinn í kúnni.

Ef við horfum bara til flutningskerfisins þá er grunnurinn veikur á mörgum stöðum. Það vantar hringtengingu og notast er við færanlegt varaafli á mörgum stöðum.

Vestmannaeyjar, 4500 manna bæjarfélag, er keyrt á varaafli mánuðum saman – og það hefur verið raunin síðan í lok janúar, vegna þess að rafstregurinn bilaði og það er bara hægt að gera við hann á sumrin. Er þessi staða góður grunnur til að byrja orkuskipti á? Við getum ekki tryggt raforku ef ein bilun kemur upp því það er ekki hringtenging til staðar!

En hvernig höldum við áfram? Kerfið er þungt en það eru samt allir á því að við verðum að leggja okkar af mörkum. Hvert er þá planið? Ég hef líkt þessu við kökubakstur: Uppskriftin af kökunni er komin og hún er góð - og myndin af henni enn betri - en við komum okkur ekki saman um það sem þarf að kaupa í kökuna og þá fer engin út í búð og engin kaka verður til.



Ef keypt er of mikil raforka fer mismunurinn á jöfnunarmarkað, svokölluð „jöfnunarorka“ og eins á við ef keypt er of lítið.

Við náum ekki markmiðum okkar án þess að leggja til raunhæfar leiðir að þeim markmiðum.

Samstarf á milli alla aðila í upphafi er lykillinn af því að hægt sé að halda áfram. Sveitarfélögin þurfa að koma mun fyrir að borðinu í ferlinu og það þarf að mæta þeim stöðum þar sem orkan verður til. Ríkið þarf að stíga inn og skapa nýjan samráðsgrundvöll þar sem allir hlutaðeigandi eiga sæti við borðið á sama tíma.

1. Kerfisbreyting- skilvirkara umhverfi
2. Samstarf allra aðila
3. Forgangsröðun í þágu alls landsins
4. Sameiginlegar leiðir að markmiðum um orkuskipti

Ég lít á markmiðin í orkuskiptum sem tækifæri fyrir sveitarfélög á köldum svæðum. Við þurfum traustara flutningskerfi og sanggjarna gjaldskrá. Köld svæði eru enn háðari raforku en margir aðrir staðir því notkunin er tvíþætt - hiti og ljós. Hér á eftir er hluti pistils sem skýrir vel ójafna stöðu fjarvarmaveita - og af hverju það er sanggirnismál að jafna þá stöðu.



Sjóvarmadælustöðin í Vestmannaeyjum hefur sparað mikið magn af raforku.



*Frá Snæfellsbæ þar sem sjóvarmaveita er notuð til að hita hús Björgunarsveitarinnar og eigendur margra húsa hafa komið sér upp varmadælum. Myndirnar á opnunni tók Ingibjörg Hinriksdóttir.*

## Staðan

Landsvirkjun telur sig vera „heildsala raforku“ og þar af leiðandi geta fjarvarmaveitur ekki keypt raforkuna beint af Landsvirkjun. Fjarvarmaveitur þurfa að kaupa raforkuna í gegnum orkusala, þótt öll raforkan komi frá Landsvirkjun. Orkusalinn leggur síðan álagningu á hverja selda kílóvattstund. Heildarkostnaðurinn við álagið hleypur á milljónum. Þessi óþarfa milliliður eykur aðeins kostnaðinn við upphitun á hringrásarvatninu sem veiturnar nota og hækkar þar með húshitunarkostnaðinn til allra á köldum svæðum á landinu!

Fjarvarmaveitur þurfa með sólarhrings fyrirvara að spá fyrir hversu mikla raforku þarf að kaupa til næsta dags. Ef keypt er of mikil raforka fer mismunurinn á jöfnunarmarkað, svokölluð „jöfnunarorka“ og á eins við ef keypt er of lítið. Eins og gefur að skilja getur veður breyst skyndilega á Íslandi, svo mjög erfitt er að spá fyrir um hvert álagið á hitaveituna verður daginn eftir. Hvernig og hver reiknar út verðið á þessari jöfnunarorku er rannsóknarefni. Ef keypt hefur verið of mikið þá er sú orka oftast verðlaus,

en ef þarf að kaupa jöfnunarorku þegar keypt er of lítil orka er hún dýr. Þessi óþarfa kostnaður hækkar líka húshitunarkostnaðinn!

Landsnet flytur svo raforkuna, annað hvort sem forgangorku eða ótrygga orku. Til að ná niður kostnaði er oftast um ótryggan flutning að ræða og aðilar nota olúkatla sem varaafli. Gjaldskrá Landsnets fyrir ótrygga orku er þannig uppbyggð að ef nýtingartíminn er meiri en 4.500 stundir er flutningsgjaldið mun ódýrara. Með tilkomu sjóvarmadælustöðvarinnar í Eyjum, þar sem varmaorkan úr sjónum er nýtt, sparast mikið magn af raforku. Stöðin þarf 3 MW af raforku til að framleiða 9 MW af varmaorku. Frábær og umhverfisvæn leið til framleiðslu á varmaorku.

## Þessu þarf að breyta samhliða orkuskiptum!

Væri ekki ráð að einfalda kerfið, taka fjarvarmaveitur út fyrir sviga og líta á þær sem „hitaveitur“? Þetta er bara spurning um vilja til að breyta umgjörðinni og draga þar með úr kostnaði og auka jafnræði

milli þeirra íbúa og fyrirtækja sem eru á þessum köldum svæðum og hinna sem eru á hitaveitusvæðum. Til að bæta gráu ofan á svart er raforkan til allra fjarvarmaveitna landsins oft skert, en þær nota þó aðeins 1% af heildar raforkunni á landinu. Þetta þýðir að þær þurfa allar að skipta yfir í olíu með tilheyrandi umhverfismengun og auknum húshitunarkostnaði fyrir íbúa og fyrirtæki á öllum köldum svæðum. Þessu þarf að breyta áður en við förum í orkuskipti.

Það verður gert með því að jafna stöðu fjarvarmaveitna varðandi kaup á raforku til húshitunar, það er ákvörðun sem er löngu tímabær.

”

Væri ekki nær að einfalda kerfið, taka fjarvarmaveitur út fyrir sviga og líta á þær sem „hitaveitur“?



Stefnt að sameiningu sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum:

# Samgöngubætur eru ein meginforsenda fyrir sameiningu

Eftir Garðar H. Guðjónsson



Við eigum nú þegar í talsverðu samstarfi við nágranna okkar í Vesturbyggð og ég tel að þessi sveitarfélög myndu renna mjög vel saman. En til þess að þessi samfélög geti orðið heildstætt sveitarfélag verður ekki undan því vikist að bæta samgöngur verulega. Til þess að komast til Patreksfjarðar þurfum við að fara yfir Mikladal og milli okkar og Bíldudals er fjallið Hálfván þar sem maður fer mest í um 500 metra hæð. Þetta eru miklir farartálmur að vetri til og samkvæmt könnun sem gerð var á viðhorfi íbúa til samgangna kom í ljós að um 89 prósent íbúa á Tálknafirði veigra sér við að fara þarna um á veturna. Það er því alveg nauðsynlegt að gera göng til að bæta samgöngur og við

erum í viðræðum við Vegagerðina og innviðaráðuneytið um það, segir Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri á Tálknafirði, en Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð hafa nú hafið viðræður um sameiningu. Stefnt er að því að íbúar geti kosið um tillögu um sameiningu fyrir lok árs.

## Ónýtir vegir og lítil vetrarþjónusta

Í febrúar síðastliðnum samþykktu sveitarstjórnir Vesturbyggðar og Tálknafjarðar að hefja viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Hvort sveitarfélag um sig skipaði þrjá fulltrúa í nefnd sem nú starfar með sveitarstjórum að undirbúningi og gerð tillögu að sameiningu. Íbúar Tálknafjarðar hafa

”

Svo má ekki gleyma því að nýjar kynslóðir hafa komið fram sem hafa önnur viðmið en eldra fólkið um hvað telst til nútímapæginda. Bættar og öruggar samgöngur eru þar á meðal.

að vísu í tvígang hafnað sameiningu við nágranna sína. Fyrst þegar Vesturbyggð



Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri  
Tálknafjarðarhrepps.

varð til 1994 og svo aftur þegar lagt var til að Tálknafjörður sameinaðist Vesturbyggð. Ólafur Þór segir að aðstæður kunni að hafa breyst síðan kosið var síðast.

„Við sækjum mikla þjónustu til Patreksfjarðar. Þar er sjúkrahús, apótek, banki, lögregla, sýslumaður og fleiri þjónustuaðilar. Svæðið er að vaxa saman sem eitt atvinnusvæði, meðal annars með miklum vexti í fiskeldi. Þetta kallar á að fólk geti flætt óhindrað milli svæða til að sækja vinnu, þjónustu og afþreyingu. Þess vegna setjum við samgöngurnar á oddinn. Vegirnir um Hálfán og Mikladal eru gamlir, úreltir og ónýtir og vetrarþjónusta er þar takmörkuð. Þessi samgöngumannvirki þjóna ekki lengur þörfum samfélagsins. Svo má ekki gleyma því að nýjar kynslóðir hafa komið fram sem hafa önnur viðmið en eldra fólk um hvað telst til nútímaþæginda. Bættar og öruggar samgöngur eru þar á meðal,“ segir Ólafur Þór.

Hann segir sveitarfélögin nýlega hafa fundað með forstjóra Vegagerðarinnar og innviðaráðherra um samgöngubætur en vonir standa til þess að gerð jarðganga komist á samgönguáætlun sem nú er í vinnslu og verður væntanlega lögð fyrir Alþingi fyrir sumarið.

„Þetta yrðu tvenn göng en við viljum líta á þetta sem eina framkvæmd. Kostnaður við hana hefur ekki verið metinn en um leið og hún kemst í samgönguáætlun verða næstu skref að meta kostnað, greina hugsanlegar leiðir og svo framvegis. Það er mjög áriðandi að ákveðnar tillögur um þessar framkvæmdir liggi fyrir þegar íbúar kjósa um sameiningu sveitarfélaganna,“ undirstrikar Ólafur Þór.

### Eru í miklu samstarfi

Hann segir að við undirbúningur sameiningar þurfi að horfa til framtíðar. Íbúar á svæðinu eru tæplega 1.400 talsins, þar af um 270 á Tálknafirði. Hlutfall fólks með erlent ríkisfang er um 20 prósent.

„Við þurfum að horfa til þess hvernig samfélag við viljum hafa hérna eftir 10, 20 og 50 ár. Undirbúningsnefndin hefur þegar hafið störf og málefnaþópar um mismunandi þætti verða skipaðir á næstunni. Vonir okkar standa til þess að tillaga um sameiningu verði til í sumar og að unnt verði að kynna hana fyrir íbúum síðsumars eða í haust svo kosning geti farið fram fyrir árslok.

Sveitarfélögin eiga nú þegar í miklu samstarfi. Við erum með sameiginlega félagsþjónustu, sameiginlegan tómstundafulltrúa, erum í samstarfi um almenningsamgöngur, erum með sameiginlegan slökkviliðsstjóra og samstarf milli skóla fer vaxandi. Við erum mjög samstíga í okkar hagsmunabaráttu enda fara hagsmunir fólksins hér á fjórðunum að miklu leyti saman. Það á



**Kröfur til sveitarfélaga um þjónustu og uppbyggingu aukast stöðugt og verkefnin verða flóknari. Það getur verið snúið fyrir lítil sveitarfélög að standa undir öllum þeim verkefnum sem þeim ber að sinna.**

því að vera hægt að vinna þetta hratt og vel,“ segir Ólafur Þór.

### Vaxtarsvæði

Hann bætir við að atvinnulíf hafi breyst mikið á undanförunum áratug. Fiskeldi og ferðaþjónusta hafa bæst við sem burðarstoðir í atvinnulífinu þótt vissulega séu fiskveiðar og hefðbundin fiskvinnsla enn ákaflega mikilvæg á sunnanverðum Vestfjörðum.

„Þegar við horfum til framtíðar er ljóst að sunnanverðir Vestfirðir eru vaxtarsvæði. Störfum í fiskeldi og ferðaþjónustu mun fjölga og við munum þurfa nýja íbúa á svæðið til að sinna þeim störfum sem skapast. Það má reikna með því að stór hluti þess fólks muni koma frá öðrum löndum. Það er hlutverk sveitarfélagsins að taka vel á móti því fólki sem hingað kemur til að lifa og starfa og auðvelda því að verða hluti af samfélaginu. Við viljum ekki sjá Vestfirði sem verbúð heldur viljum við hafa hér blómlegt samfélag þar sem allir geta tekið þátt.“

Ólafur Þór segist finna fyrir almennum stuðningi við hugmyndir um sameiningu, flest séu á því að verið sé að stíga skynsamleg skref fyrir svæðið.

„Við finnum alveg fyrir smæðinni í rekstrinum hjá okkur hjá Tálknafjarðarhreppi. Kröfur til sveitarfélaga um þjónustu og uppbyggingu aukast stöðugt og verkefnin verða flóknari. Það getur verið snúið fyrir lítil sveitarfélög að standa undir öllum þeim verkefnum sem þeim ber að sinna. Stærri sveitarfélag með meira bolmagn getur betur tekist á við þetta flókna umhverfi. Margt myndi vinnast við sameiningu. Við myndum standa undir kröfum um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga uppá eitt þúsund íbúa og yrðum sjálfbær að því leyti. Svo má ekki gleyma því að við myndum njóta stuðnings Jöfnunarsjóðs við framkvæmd sameiningar fyrstu sjö árin og gerum ráð fyrir að þaðan komi um 700 milljónir króna. Það eru talsverðir fjármunir sem myndu koma sér vel og efla okkur sem sveitarfélag verulega,“ segir Ólafur Þór.



## Störf sveitarstjórnarfólks

BYRJA NÁMSKEIÐ

NÁNAR ▾

# Sveitarfélagaskólinn – fræðsla í takti við tímann

Aðgengi kjörinna fulltrúa að fræðslu um sveitarstjórnarmál hefur aldrei verið betra



Valgerður Freyja Ágústsdóttir  
sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði  
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

árið um kring. Úr varð að sambandið hóf samstarf við Opna háskólann í Reykjavík um hönnun og framleiðslu námsefnis.

### Nú stafræn námskeið

Löng og yfirgripsmikil erindi gamla námskeiðsins urðu að nú stafrænum námskeiðum. Stafræðingin gerði mögulegt að fara ítarlegar og betur í marga hluti en áður gafst færi á. Þá skapaðist möguleiki á að miðla til fólks ýmsu ítarefni sem ekki var hægt áður. Öll hönnun leggur áherslu á aðgengi og því geta þátttakendur sótt námskeiðin í tölvu, spjaldtölvu eða síma.

Yfirlit yfir námskeiðin nú má sjá hér til hliðar (eða eitthvað). Eins og sjá má er til að mynda sérstakt námskeið um fundi og fundarsköp, annað um hlutverk og stjórnkerfi sveitarfélaga og þá um störf sveitarstjórnarfólks. Einnig er að finna tvö fjármálanámskeið svo eitthvað sé nefnt. Þessi námskeið nýtast ekki eingöngu kjörnum fulltrúum heldur einnig stjórnendum sveitarfélaga sem og starfsfólki ráðhúsa og að sjálfsögðu einnig fulltrúum í nefndum sveitarfélagsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga sinnir því hlutverki að veita sveitarstjórnarfólki og starfsfólki sveitarfélaga almenna fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi. Þannig hefur sambandið í gegnum tíðina haldið námskeið í öllum landshlutum að hausti eftir sveitarstjórnarkosningar. Þar var megináherslan sú að uppræða nýkjörna fulltrúa þó vissulega hafi reynslumeira fólk einnig haft gagn af því að sækja námskeiðið.

Árið 2021 var tekin sú ákvörðun að stafræða fræðsluna þannig að þátttakendur gætu nálgast efnið á aðgengilegan hátt þegar þeim hentar allt





## Þrjú viðbótarnámskeið

Auk framangreindra námskeiða sem sambandið hefur framleitt, þá hefur það að auki keypt þrjú tilbúin stafræn námskeið af HR sem eru aðgengileg öllum þátttakendum Sveitarfélagaskólans. Þetta eru námskeið um Tæknisjálfsraustið, Að lifa breytingar – breytingastjórnun og að lokum Mannauðsstjórnunarhlutverk stjórnenda. Þessi námskeið henta ekki síst fyrir stjórnendur og starfsfólk ráðhúsa.



## Ný námskeið væntanleg fyrir nefndafólk

Sambandið hefur einnig haldið námskeið fyrir ýmsar fastanefndir sveitarfélaga í byrjun kjörtímabils. Ákveðið var að færa það námsefni einnig á stafrænt form. Því munu fjögur ný stafræn námskeið líta dagsins ljós í maílok 2023. Eitt þeirra er þó í raun ekki síður hugsað fyrir stjórnendur og starfsfólk ráðhúsa en það ber heitið „Heimsmarkmiðin og fleiri stjórnæki“. Hin þrjú eru hugsuð fyrir nefndafólk, bæði kjörna fulltrúa sem aðra nefndafulltrúa. Um er að ræða námskeiðin „Málefni barna“, „Velferð fullorðinna“ og að lokum „Skipulags- og umhverfismál“. Öll námskeiðin verða aðgengileg í Sveitarfélagaskólanum. Vakinn er athygli á því að afar gagnlegt getur verið fyrir nefndafólk að taka hin nýu námskeið skólans og þá sérstaklega námskeiðin „Fundir og fundarsköp“, „Hlutverk og stjórnkerfi sveitarfélaga“ og „Störf sveitarstjórnarfolks“ svo eitthvað sé nefnt.

## Skráning og kostnaður

Öll námskeið Sveitarfélagaskólans eru aðgengileg í gegnum canvas, námsumsjónarkerfi Opna háskólans í Reykjavík. Áskrift að

Sveitarfélagaskólanum er einungis 10.000 kr. á ári fyrir hvern þátttakanda með ótakmarkað aðgengi að öllum námskeiðum sem framleidd eru eða keypt af sambandinu. Til að fá aðgang þarf að byrja á að nýskrá sig í skólann á vefsvæði sambandsins.

Innan skamms berst lykilorð og aðgangsorð frá Opna háskólanum. Að því loknu er viðkomandi kominn inn í Canvas-umhverfi Sveitarfélagaskólans.

Vinnustofa Sveitarfélagaskólans á erindi við allt sveitarstjórnarfolk, ekki bara nýliða

Til viðbótar við stafrænu námskeiðin hefur sambandið hannað vinnustofunámskeið sem hugsuð eru sem framhald Sveitarfélagaskólans og eru mjög frábrugðin gömlu staðnámskeiðunum. Horft er til speglaðrar kennslu þar sem áhersla er á gott aðgengi að námsefninu og þátttakendur hafi tækifæri til að fara yfir það á sínum hraða áður en þeir mæta á vinnustofuna. Engir fyrirlestrar eru á vinnustofunni heldur byggir hún á hópavinnu þar sem þátttakendur eru leiddir áfram í gegnum ýmis verkefni sem

þeir leysa í hópastarfi. Markmiðið með vinnustofunum er annars vegar að vinna með áskoranir og upplifanir kjörinna fulltrúa um samstarf og samvinnu þar sem unnið er að lausnaleyti í kjölfarið. Sú áhersla byggir m.a. á niðurstöðum skýrslu verkefnastjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Hins vegar er markmið vinnustofunnar að ítra námsefni Sveitarfélagaskólans með raunhæfum verkefnum.

Vinnustofan er þannig góður vettvangur fyrir allt sveitarstjórnarfolk þar sem tækifæri gefst til þess að spegla sig við aðra í sömu stöðu og ræða sameiginleg álitæfni sem upp geta komið. Vinnustofan á því erindi við allt sveitarstjórnarfolk og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Þegar þetta er ritað hafa vinnustofur verið haldnar í þremur landshlutum. Niðurstöður námskeiðsmats bera með sér mikla ánægju þátttakenda en um 93% þeirra taldi tíma sínum vel varið á vinnustofunni og þótti hún gagnleg. Þegar þátttakendur voru spurðir hvað þeim þótti takast sérstaklega vel til þá bárust svör á borð við „Samvinna og hvernig við náðum að vinna okkur niður á lausn“ og „Samtalið og endurgjöf annarra, reynsla þeirra sem hafa verið starfandi fulltrúar lengur en ég“.

Við hvetjum því öll í þeim landshlutum þar sem vinnustofan á eftir að fara fram að fylgjast með hvenær hún er auglýst og skrá sig.



Frá vinnustofu Sveitarfélagaskólans í Árborg.

# Sameiginlegt spjallmenni sveitarfélaga



**Hrunn Valgeirsdóttir**  
verkefnastjóri í stafrænni umbreytingu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa nýtt sér stafræna þróun í meira mæli undanfarin ár og innleitt ýmsar lausnir, annaðhvort á eigin vegum eða í samstarfi við önnur sveitarfélög. Með samstarfi sveitarfélaga í innleiðingu stafrænna verkefna myndast tækifæri og hagræði sem eru ekki til staðar þegar sveitarfélög fara ein af stað. Einnig eykur samstarf líkur á jöfnu aðgengi að þjónustu og stafrænum lausnum í stærrri og smærri sveitarfélögum.


Helsti ávinningur fyrir sveitarfélögin við innleiðingu stafrænna lausna er tímasparnaður og minni kostnaður þar sem fyrirspurnum og símtölum fækkar

en það gefur svigrúm fyrir mannlegri og sérhæfðari þjónustu. Einnig verður þjónusta við íbúa nútímalegri og aðgengilegri.

## Upphaf verkefnis

Mörg sveitarfélög eru um þessar mundir að taka þátt í verkefni með sameiginlegt spjallmenni en það er eitt þeirra verkefna sem sveitarfélögin áttu kost á að kjósa á milli til að fara í samstarf með árið 2022. Markmið verkefnisins eru að hanna sameiginlegan tæknigrunn fyrir spjallmenni fyrir sveitarfélögin, kaupa sameiginlega lausn sem er aðlöguð

að hverju sveitarfélagi og að fleiri þjónustubeiðnir séu afgreiddar í fyrstu snertingu án aðkomu starfsfólks.



Mynd 1 - Stýrihópur var stofnaður í maí 2022 með starfsfólki fimm sveitarfélaga. Sá hópur kom að undirbúningi vinnustofu sem haldin var í ágúst þar sem 35 manns (þjónustufulltrúar og sérfræðingar) frá 11 sveitarfélögum tóku þátt.

### Hvað er spjallmenni?

Í einföldu máli, þá er spjallmenni hugbúnaður sem er settur upp á vefsíður og heldur uppi samræðum við notendur á svipaðan hátt og við raunverulega manneskju. Spjallmenni eru hönnuð til að skilja spurningar notenda og svara stöðluðum svörum til þeirra.

Fyrir sveitarfélögin felast tækifærin með notkun spjallmennis í bættri og nútímalegri þjónustu við íbúa, en einnig minna álagi og bættu upplýsingaflæði í þjónustuverum.

### Áskoranir og ávinningur

Niðurstöður vinnustofu sem haldin var í ágúst síðastliðnum leiddu í ljós að helsta áskoranin í þjónustu sveitarfélaga sé almennt álag og álagstoppur í þjónustuverum. Þátttakendur vinnustofunnar töldu að hægt væri að minnka álagið á starfsfólki þjónustuvera með innleiðingu spjallmennis en þau sáu það sem helsta ávinning í nýtingu spjallmennis fyrir skrifstofur sveitarfélaga. Álagið myndi minnka þar sem símtölum fækkar ásamt tölvupóstum og öðrum skilaboðum, og jafnvel heimsóknum í þjónustuver. Við það gæti gefist aukin svigrúm til þess að veita mannlega og sérhæfða þjónustu og meiri tími myndi vera fyrir faglega ráðgjöf. Annar ávinningur sem myndi fylgja innleiðingu spjallmennis fyrir sveitarfélögin væri að einfalt yrði að halda yfirsýn yfir það sem helst brennur á íbúum og að setja saman tölfraeðiyfirlit fyrir algengar spurningar.

Þátttakendur vinnustofunnar sáu einnig mikinn hag fyrir íbúa sveitarfélaga með innleiðingu spjallmennis. Íbúar gætu fengið svör við spurningum og þá þjónustu sem unnt er að veita sjálfvirk allan sólarhringinn. Þeir losna við bið á símalínu eða bið eftir svári við tölvupósti þar sem spjallmennið svarar samstundis. Svör gætu jafnvel verið nákvæmari við einföldum spurningum en svör þjónustufulltrúa því þau eru stöðluð og samræmd og því minni hætta á misvísandi upplýsingum. Tækifæri felast í því að spjallmenni geta leyst betur úr erindum í fyrstu snertingu og eru kjörin leið til þess að veita lifandi upplýsingar, t.d. upplýsingar um sorphirðu, viðburði í sveitarfélaginu, opnunartíma á sérstökum dögum eða strætó.


### Þátttaka sveitarfélaga

Í nóvember síðastliðnum var sent bréf á öll sveitarfélög þar sem óskað var eftir staðfestingu á þátttöku í spjallmenna verkefninu. Það voru alls 23 sveitarfélög sem skráðu sig til þátttöku með samtals 327.488 íbúum.

### Næstu skref

Á næstu mánuðum mun innleiðing og uppbygging spjallmennisins hefjast hjá sveitarfélögunum í samstarfinu.

Jákvætt er að horfa til þess að svo mörg sveitarfélög fari í samstarf saman með verkefni þar sem hægt er að samnýta auðlindir og spara kostnað. Hægt er að nálgast upplýsingar um sameiginlega stafræna vegferð sveitarfélaga á vefsíðunni <https://stafraen.sveitarfelog.is>.



Mynd 2 - Í kjölfar staðfestingar þátttöku sveitarfélaga í verkefninu hófst efnisvinnsla fyrir spjallmennið þar sem þjónustufulltrúar frá 11 sveitarfélögum útbjuggu spurningar fyrir spjallmennið. Einnig fór af stað verðfyrirspurn sem lauk í mars.



Mynd 3. - Skref innleiðingarferlis hjá spjallmenni.





# Næst síðasta orðið

Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.

## Að tilheyra samfélagi



Alda Pálsdóttir  
bæjarfulltrúi í Hveragerðisbæ.

Það er svo hollt og líka svo mannlegt að láta sig dreyma, það geri ég oft, bæði í svefni og vöku. Ég viðurkenni það alveg, þrátt fyrir að vera Íslendingur, að stundum þegar kalt er í veðri þá dreymir mig um sólina. Ég elska vorið, að sofna og vakna við fuglasöng, sólin hækkar á lofti, hitinn fer yfir tíu stig og gróðurinn sýnir bjarta og fallega líti. Já þetta er klárlega minn árstími. En ég verð samt sem áður að segja að þó að þessi árstími sem er minn uppáhalds þá finnst mér hinir líka dásamlegir, þeir eru jú frábrugðnir vorinu, bjóða upp á aðra dýrð bæði hita og líta. Og þannig er lífið, það er gott að hlakka til einhvers um leið og maður fagnar fjölbreytileikanum í allri sinni mynd. Samfélagið okkar er ekkert ósvipað, við erum samsett, höfum ólíkan bakgrunn og bakland, erum alls konar, bæði í útliti og hegðun. Rétt eins og árstíðimar.

### Blóma- og listamannabærinn

Og þannig er það einmitt hér hjá okkur í Hveragerði, við erum alls konar. Ég tel það einmitt vera einn helsta styrkleika Blómabæjarins. Og við eigum fleiri. Hér ríkir náttúruyrð og veðursæld nánast allt árið um kring. Auðvitað blæs á okkur stundum, snjóar og rignir en hér skín sólin líka skært og hér dafnar gróðurinn vel. Við höfum átt og eigum enn fjölbreytta flóru af listafólki. Búum við þann kost að vera rétt utan við höfuðborgina, hér búa fleiri en þeir sem hafa atvinnu í heimabænum og með því fáum við enn meiri fjölbreytileika. Hér eru fyrirtæki af ýmsum toga, stór og smá. Hveragerði er fallett bæjarstæði og við erum sannkölluð matarkista heim að sækja með frábæru bakarí og veitingastöðum upp alla Breiðumörkina allt inn að Reykjadal ásamt Heilsustofnun sem er austan Breiðumarkar. Hér höfum við alls kyns afþreyingu tengda menningu, listum, íþróttum og útvist og má þá meðal annars nefna Listasafnið, Hveragarðinn, Iceland Activited og golfvöllinn og nú bíðum við spennit eftir að tekin verði í notkun Zipline- og sleðabraut inn í dal. Hér er upplagt að vakna endurnærður á sál og líkama eftir góða dvöl á hótelum, gistihúsum eða tjaldstæði bæjarins.

”

Auðvitað blæs á okkur stundum, snjóar og rignir en hér skín sólin líka skært og hér dafnar gróðurinn vel.

En sérstaða okkar er önnur en margra annarra bæjarfélaga á landinu því við höfum hvorki bryggju né sveit og þar af leiðindi hefur samfélagið hvorki tekjur af sjávarútvegi né landbúnaði. En við framleiðum jurtaís sem hefur glatt Íslendinga í meira en hálfa öld, það er nú eitthvað. Einn Kjörís á dag kemur skapinu í lag!

### Hversdagslegu litlu hlutirnir

Kostur þess að búa í samfélagi á landsbyggðinni er jú ekki síst sá að fólk þekkir hvert annað, það eru alls kyns tengingar, með skyldleika, vinnu og vináttu. Fólk sýnir umhyggju og fylgist með nágrönnum sínum. Nágranni okkar hafði auga með húsinu okkar til margra ára, hann fylgdist með hverjir komu í heimsókn og þá hvenær, stóð fyrir utan hjá okkur og veifaði þegar við borðuðum morgunmatinn og tók spjall við okkur í gönguferðum. Spjallið var yfirleitt á sömu

leið, um veðrið, mikilvægi hreyfingar, Bangsa hundinn okkar og að lokum bað hann fyrir kæra kveðju til Gísla Páls þó svo að Gísli Páll stæði við hliðina á mér. Það eru nákvæmlega þessir litlu hversdagslegu hlutir sem skipta svo miklu máli í lífinu, það að tilheyra. Þessi nágranni okkar var úr Ás samfélaginu okkar hér í Hveragerði. Ás samfélagið er samofið bæjarsamfélaginu okkar því þar hafa kynslóðir starfað saman af alúð með þeim sem þar búa allt frá árinu 1952. Í Ási búa bæði ungir og gamlir og búsetufyrirkomulagið er fjölbreytt eins og gefur að skilja og þar ríkir þessi fallega vinátta milli fólks.

Þessar tengingar eru stór hluti af lífsgæðum okkar og ég met þær mikils. Kannski er það einmitt stór hluti af mér af því ég ólst upp á landsbyggðinni með ömmum og öfum, stórfjölskyldunni og vinum allt umlykis. Og hvað er ég að segja með þessu jú látum okkur

”

Kostur þess að búa í samfélagi á landsbyggðinni er jú ekki síst sá að fólk þekkir hvert annað, það eru alls kyns tengingar, með skyldleika, vinnu og vináttu. Fólk sýnir umhyggju og fylgist með nágrönnum sínum.

samfélagsmálin varða ekki með því að ræða þau á neikvæðan hátt heima við eldhúsbörð eða á lyklaborðinu heldur með því að leggja okkar af mörkum við að bæta samfélagið sem við búum í. Það eykur vellíðan allra.

Með sól í hjarta, Alda Páls

# Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Hilton Reykjavík Nordica  
21. – 22. september 2023

Taktu daginn frá!



## Að gefa kost á sér



Björn Haraldur Hilmarsson  
forseti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.

Árið 2013 fluttum við fjölskyldan vestur til Ólafsvíkur eftir að hafa búið alla tíð á Reykjavíkursvæðinu. Það hafði blundað í mér lengi að setjast að úti á landi og sjáum við fjölskyldan ekki eftir að hafa látið af því verða. Oft er fábreytt atvinnulíf og því skortur á atvinnutækifærum líklegasta ástæða þess að fleiri fjölskyldur geri ekki slíkt hið sama.

Nokkrum mánuðum eftir að ég flutti var mér boðið að taka sæti á lista sjálfstæðismanna í sveitastjórnarkosningunum 2014. Eftir nokkra umhugsun lét ég verða af því að gefa kost á mér, sem ég sé svo sannarlega ekki eftir. Það er góð tilfinning að geta haft áhrif á að nærsamfélagið vaxi og verði betra fyrir okkur íbúana, þó að allir séu ekki sammála um hvað gera eigi á hverjum tíma.

Þessi níu ár tæp sem ég er búinn sitja í bæjarstjórn hafa verið lærdómsrík og gefandi en einnig mjög krefjandi. Enda er eðlilega mun auðveldara að ná til okkar í litlu samfélagi en stóru. Við bæjarfulltrúarnir fáum oft á tíðum harða gagnrýni fyrir störf okkar og klapp á bakið er sjaldgæft. Málefnaumræðan getur verið ósanngjörn út frá sérhagsmunum

en heilt yfir eru sveitastjórnarfulltrúar að taka ákvarðanir með heildarhagsmuni í huga. Í því ljósi er ánægjulegt að bæði kjör og betri starfsaðstæður eru áberandi í umræðu og framkvæmd meðal sveitarstjórnarfólks. Þessi mál þurfa að vera í lagi. Það er ánægjulegt að segja frá því að fyrir síðustu kosningar varð töluverð aukning af ungu og kraftmiklu fólki sem gaf kost á sér á lista og í nefndarstörf. Snæfellsbær hefur verið vel rekinn í áratugi með ábyrgri fjármálastjórn þar sem meiri- og minnihluti hafa unnið vel saman. Hafnarsjóður hefur framkvæmt gríðarlega á hverju ári og er skuldlaus. Bæjarsjóður hefur sömuleiðis verið í miklum framkvæmdum en þrátt fyrir það með lágt skuldahlutfall.

Hér á eftir ætla ég að telja upp það helsta sem við í Snæfellsbæ höfum verið að gera undanfarið ár.



Það er ánægjulegt að segja frá því að fyrir síðustu kosningar varð töluverð aukning af ungu og kraftmiklu fólki sem gaf kost á sér á lista og í nefndarstörf.

Snæfellsbær var gestgjafi hátíðarinnar Hinsegin Vesturland síðastliðið sumar og tókst sú hátíð frábærlega. Mikið var lagt í undirbúninginn og hátíðina sjálfa. M.a. var málaður stór og fallegur regnbogi á götu framan við kirkjuna í Ólafsvík sem hefur vakið verðskuldaða athygli og ætlum við að hafa hann áfram næstu árin a.m.k.

Segja má að höfuð áherslan í framkvæmdum ársins hafi verið í formi viðhaldsframkvæmda á eignum

## Síðasta orðið

Sveitarstjórnarfólk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.



sveitarfélagsins. Ekki tókst þó að framkvæma allt það sem átti að gera á árinu sökum skorts á fagmönnum til verka. Töluverðar framkvæmdir voru við grunnskóladeildina á Hellissandi, skipt var um dúk á stofu, ný sjálfopnandi útihurð sett upp, andyri og fatahengi endurnýjað og allt aðgengi að skólanum bætt til muna. Keyptir voru nýir gluggar í allt húsið og byrjað var á að skipta þeim út.

Snæfellsbær á lítinn hlut í Snældu, fyrirtæki sem er að byggja sex íbúðir á Hellissandi, sem gert er ráð fyrir að verði tilbúnar í vor. Einstaklingar eru einnig að byggja hús í sveitarfélaginu, sem er afar jákvætt. Bæjarstjórn tók þá ákvörðun síðla sumar að festa kaup á nokkrum færanlegum húsum fyrir hina ýmsu starfsemi í Snæfellsbæ. Hluta af þeim, eða um 500 fermetra fær Félag eldri borgara undir starfsemi sína. Annað hús verður síðan reyst á Lýsuhóli en það hús er um 200 fermetra að stærð og á að bæta aðstöðuna fyrir leik- og grunnskólann.

Styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða var nýttur við tvö verkefni, annars vegar til að bæta aðgengi að Svöðufossi, og hins vegar við styttuna af Bárði Snæfellsás á Arnarstapa.

”

Að lokum vil ég hvetja sem flesta til að gefa kost á sér til sveitarstjórnarstarfa og hafa þar með áhrif á uppbyggingu og vöxt sinnar heimabyggðar.

Haldið var áfram við að endurnýja ljósabúnað í götuljósum sveitarfélagsins en það mun taka nokkur ár. Verkið felst í því að skipta út eldri ljósum og setja upp mun sparneytnari led-lýsingu. Þetta er enn einn liðurinn hjá sveitarfélaginu í orkusparnaði.

Árið var gott hjá Hafnarsjóði Snæfellsbæjar og var landað þar tæpum 40.000 tonnum sem er með því mesta sem landað hefur verið. Á vegum Hafnarsjóðs voru helstu verkefni að rekið var niður nýtt stálþil við Norðurtanga í Ólafsvík, þekja steipt og nýtt masturshús byggt og rafmagn endurnýjað. Hafnarhúsið í Ólafsvík var klætt að utan og unnið er við stækkun þess. Í Rifshöfn var unnið að umhverfismálum við uppsátur, þökulagningu og gangstéttar lagðar. Byrjað var á dýpkun í innsiglingunni í haust en því miður sökk dýpkunarpramminn þannig að ekki er búið að klára það verk.

Mikil fjöldi ferðamanna kom í Snæfellsbæ á árinu og er gestafjöldinn að nálgast það sem áður var mest. Tjaldsvæðin okkar voru mikið notuð og komu tæplega 17.000 gestir á þau á liðnu ári.

Tekinn var í notkun á árinu fimm íbúða búsetukjarni í Ólafsvík fyrir íbúa með fötlun og er almenn ánægja með að hafa náð þessum áfanga í þjónustu við þau.

Kosið var um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar á fyrri hluta ársins 2022. Íbúar Snæfellsbæjar samþykktu sameininguna en íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps felldu hana, þannig að ekkert varð úr sameiningu sveitarfélaganna.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er góð og voru engin ný langtímalán tekin á árinu sem er mjög ánægjulegt að hafi náðst því verðbólgan setti þó nokkurt strik í reikninginn er varðar fjármagnsútgjöld.

Að lokum vil ég hvetja sem flesta til að gefa kost á sér til sveitastjórnarstarfa og hafa þar með áhrif á uppbyggingu og vöxt sinnar heimabyggðar.

Kveðja,

Björn Haraldur Hilmarsson forseti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.






# VORIÐ ER AÐ KOMA ...



Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur á að skipa fjölhæfum hópi fornleifafræðinga.

Við tökum að okkur allrahandu rannsóknarþjónustu og ráðgjöf fyrir þá sem vinna að framkvæmdum og skipulagsgerð.



Hafið samband í síma 551 1033 eða sendið okkur línu á netfangið [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Fornleifastofnun Íslands ses,  
Bræðraborgarstíg 9, 101 Reykjavík  
- Tryggvagötu 13, 800 Selfossi

